


EYJAFRÉTTIR

16

Eyjarnar
heilluðu



tbl. **10**
52. árg
30.10
2025
kr. 1.590



36

Laxey á
tímamótum



18

Kletturinn í sálinni



32

Komið gott

Sterk staða verkmenntunar í Eyjum

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum hefur verið tilnefndur til Íslensku menntaverðlaunanna 2025 fyrir framúrskarandi starf í kennslu mál- og vélstjórnargreina. Tilnefningin er í flokknum Iðn- eða verkmenntun en auk FÍV er Fataiðndeild Tækniskólans og Unnar Þorsteinn Bjartmarsson grunn- og framhaldsskólakennari við Grunnskóla Borgarfjarðar og Fjölbrautaskóla Vesturlands tilnefnd í flokknum.

Verðlaunin verða afhent á Bessa-stöðum 4. nóvember næstkomandi og að þeim standa fjórtán aðilar undir forystu forsetaembættisins. Markmið verðlaunanna er að vekja athygli samfélagsins á metnaðarfullu og vönduðu skóla- og frístundastarfi og auka veg menntaumbótastarfs.

FÍV hefur á undanförunum árum byggt upp öflugt og nútímalegt nám í mál- og vélstjórnargreinum. Í samfélagi þar sem sjávarútvegur og iðnaður eru hornsteinar atvinnulífsins hefur skólinn þróað kennslu sem stenst ströngustu gæðakröfur og er í fremstu röð á landsvísu.

Samstarf við atvinnulífið lykilatriði

Sérstaða námsins felst í því hvernig hefðbundið nám hefur verið umbreytt í verkefnaaðað, einstaklingsmiðað og atvinnulífstengt ferli. Nemendur vinna



Helga Kristín Kolbeins, skólameistari Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum.

raunhæf verkefni sem endurspeglar störf í skipum, á vélaverkstæðum og í málmíðnaði og læra þannig á ábyrgð, öryggi og gæði í starfi. Verkefnin eru stigbundin, frá einföldum grunnverkefnum upp í flóknar lausnir, sem efla bæði seiglu og rökhugsun.

Kennslan í FÍV hefur fengið lof fyrir fagmennsku og áherslu á leiðsagnarnám. Nemendur fá markvissa endurgjöf og vinna á sínum hraða með stöðugri hvatningu frá kennurum. Samvinna og samskipti eru í lykillhlutverki – nemendur læra ekki aðeins af kennurum heldur einnig hver af öðrum, sem styrkir sjálfstæði og ábyrgð.

Samstarf skólans við atvinnulífið í Eyjum er stór hluti af velgengn-

inni. Fyrirtæki á svæðinu taka virkan þátt í kennslunni með því að bjóða nemendum starfsnám og raunveruleg verkefni sem byggja á reynslu úr greininni. Þannig tengist námið beint því sem gerist í atvinnulífinu og tryggir að útskrifaðir nemendur eru strax tilbúnir til starfa.

Nýsköpun og sjálfbærni

Í kennslunni er lögð sérstök áhersla á nýsköpun, sjálfbærni og tengingu við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Nemendur læra að huga að umhverfisáhrifum, nýta hráefni á skynsamlegan hátt og þróa lausnir sem byggja á ábyrgri tækni og þekkingu.

Árangurinn talar sínu máli útskrifaðir nemendur úr mál- og

vélstjórnarnáminu hjá FÍV eru eftirsóttir á vinnumarkaði, bæði á sjó og í landi. Margir halda áfram í tækni- og verkfræðinám eða stofna eigin fyrirtæki. Námið hefur þannig bæði styrkt byggðafestu hér í Eyjum og opnað dyr að spennandi tækifærum víða um heim.

Erum stolt af nemendum okkar

„Þessi tilnefning er viðurkenning á þeirri sýn sem við höfum fylgt – að verkmenntun sé ein af grunnstöðum sjálfbærs og lifandi samfélags. Hún speglar metnað kennaranna, samvinnu við atvinnulífið og trú okkar á ungt fólk í Eyjum.

Þegar nám og raunverulegt starf mætast verða til tækifæri, sjálfs-traust og framtíðarsýn – og það er einmitt það sem við stöndum fyrir í Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum.

Við erum stolt af nemendum okkar og því hvernig þeir sýna í verki hvað fagmennska, seigla og sköpun geta gert fyrir framtíð samfélagsins. Þessi tilnefning er því ekki aðeins viðurkenning á fortíðinni, heldur líka hvatning til að halda áfram að þróa verkmenntun sem byggir á gæðum, trausti og sameiginlegri ábyrgð,“ segir Helga Kristín Kolbeins, skólameistari Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum.

Safnahelgin hefst í dag

Ljósmyndir, bækur og tónlist

Það verður líf og fjör í menningarheimi Vestmannaeyja næstu daga þegar Safnahelgin verður haldin dagana 30. október til 2. nóvember. Þá fyllast söfnin af fólki, minningum, myndum, tónlist og sögum.

Hátíðin hefst í dag, fimmtudag í Safnahúsinu með ljósmynda-degi, þar sem dregnar verða fram elstu myndir sem til eru af Vestmannaeyjum og nýlega afhent mannamyndasöfn. Þarna birtast kynslóðir og saga staðarins undanfarin 100-150 ár.

Síðar sama dag, kl. 17, verður opnuð ljósmyndasýning Óskars Péturs, sem á ævintýrlega ríkan myndaarf af lífi og landslagi Eyja. Myndirnar eru úr nýútkominni bók hans Westman Islands, sem verður til sölu á staðnum.

Formleg setning Safnahelgar fer síðan fram í Staffkirkjunni kl. 18, þar sem sr. Guðmundur Örn Jónsson og Kristín Jóhannsdóttir koma fram og tónlist flytja Júlíanna S. Andersen og Kitty Kovács. Um kvöldið verður svo ljúf stemning í Höllinni, þar sem Einar Ágúst syngur ljóð Jónasar Friðriks við undirleik Gosanna í tónleikunum Ég skal syngja fyrir þig.

Á föstudeginum tekur Hrekkjavakan yfir Bókasafnið sem verður skreytt í svörtum og appelsínugulum litum. Opíð verður til kl. 20 og verður bæði börnum og fullorðnum boðið í grikk eða gott. Um kvöldið, kl. 20, verða tónleikar í Eldheimum þar sem Pálmi Sigurhjártarson og Stefánía Svavarsdóttir skapa notalega stemningu og taka margar af ást-

sælustu perlum tónlistarsögunnar.

Laugardagurinn 1. nóvember verður fjölskyldudagur í alla staði. Á Bókasafninu kl. 11 kemur Embla Backmann, einn vinsælasti barnabókahöfundur landsins, og segir frá nýjustu bók sinni Paradísareyjunni, ævintýrlegri spennusögu um dularfulla eyju og óvænta gesti. Klukkan 14, verður svo konunglegt teboð í Sagnheimum, þar sem Guðný Ósk Laxdal, betur þekkt sem Royal Icelander, segir frá lífi og síðum dönsku konungsfjölskyldunnar með sinni sérstöku innsýn og skemmtilegu framsetningu.

Hátíðinni lýkur formlega sunnudaginn 2. nóvember með bókmennta- og sögustund í Sagnheimum kl. 13. Þá kynna tvær konur nýjar bækur: Margrét Lára

Viðarsdóttir, með knattspyrnu-ævisögu sína Ástríða fyrir leiknum, og Eliza Reid, fyrrverandi forsetafrú, sem flytur söguna um óvænta atburði í Eyjum þegar veðrið lokar för.

Að lokinni Safnahelgi verður enn haldið áfram á menningarvísu, því fimmtudaginn 7. nóvember verður í Eldheimum kynning á nýrri bók Óla Gränz. Þar rifjar hann upp litrík ævintýri sín úr Eyjum í bók sem Guðni Einarsson hefur skráð.

Safnahelgin í Vestmannaeyjum hefur á undanförunum árum orðið einn hjartahlýjasti menningarviðburður ársins. Hún sameinar söguna og samtímann, liðinn veruleika og ferska drauma og minnir okkur á að í Eyjum er menningin alltaf lifandi.

EYJAFRÉTTIR

Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annað er óheimilt nema heimild sé getið.

Útgefandi: Eyjasýn ehf. - kt. 480278-0549
/Egisgötu 2 - 900 Vestmannaeyjum.
Ritstjórn og ábyrgð: Ómar Garðarsson og Tryggvi Már Sæmundsson - omar@eyjafrettir.is - tryggvi@eyjafrettir.is.

Aðstoðarritstjóri: Annika Vignisdóttir.
Íþróttir: Kristín Erna Sigurlásdóttir og Tryggvi Guðmundsson.
Umbrot: Sæþór Víðó - sathor@vido.is
Ljósmyndir: Óskar Pétur og blaðamenn.

Prentun: Stafræna Prentsmiðjan ehf.
Netfang: frettir@eyjafrettir.is.
Auglýsingar: auglysingar@eyjafrettir.is
Vefang: www.eyjafrettir.is
EYJAFRÉTTIR er áskriftarblað.

TM

Sama hvar þú ert í

lífinu

þá viltu vera hjá TM



Gefur hreyfinguna ekki eftir

Svavar Steingrímsson eða Svabbi eins og hann er kallaður er Eyjamaður mánaðarinn. Svabbi hefur alla tíð haft mikla ástríðu fyrir náttúrunni og útivist og er mikill úteyjamaður. Þrátt fyrir að vera orðinn 89 ára gamall hreyfir hann sig nánast á hverjum degi og er Heimaklettur einn af hans uppáhalds stöðum að fara á. Svavar er afar félagslyndur og jákvæður og leggur áherslu á að njóta lífsins í faðmi fjölskyldu og vina. Hann hefur alla tíð verið virkur í samfélaginu og býr yfir dýrmætri reynslu og visku. Við fengum Svavar til að svara nokkrum spurningum fyrir Eyjafréttir.

Fjölskylda? Konan mín heitin var Eygló Óskarsdóttir og saman eigum við þrjú börn þau Óskar, Steingrím og Höllu.

Mottó? Ég er með nokkur mottó og eitt af þeim er hreyfing. Ég gef það aldrei eftir mér að hreyfa mig og mér finnst gott að fara upp á Heimaklett, og fór þangað síðast í gær.

Síðasta hámhörfið?

Ég horfi á séra Brown og létta sakamálapætti.



Svavar Steingrímsson (til hægri), ásamt bróður sínum Braga á seinasta Lundaballi. Mynd: Óskar Pétur.

Uppáhalds hlaðvarp?

Ég hlusta ekki á nein hlaðvörp.

Aðaláhugamál?

Eyða tíma með vinum og ættingjum og njóta þess.

Eitthvað sem þú gerir á hverjum degi sem þú gætir ekki verið án?

Ekkert eitt sérstakt, en ég reyni að fara eins oft og ég get, þegar

viðrar vel með kerti að leiðinu hjá konunni minni.

Hvað óttast þú mest?

Nei, það er ekkert sem kemur í hugann.

Hvað er velgengni fyrir þér? Mér hefur gengið nokkuð vel í gegnum mitt lífshlaup og sloppið vel í gegnum það.

Hvað hefurðu veitt marga lunda á einum degi?

Þeir eru ekki margir, kannski 400-500.

Hvað er það skemmtilegasta við Lundaballið og hvað gerir það svo sérstakt?

Samveran með fólkinu, það eru allir komnir þarna til að skemmta sér og hafa gaman. Ballið í ár var akkúrat þannig og var einstaklega vel heppnað.

Hvaða útey er flottust að þínu mati?

Ég myndi segja að Brandur væri krúttlegust og Elliðaey flottust en þær hafa allar sinn sjarma. Ég hef gisti í þeim öllum, en kofinn í Elliðaey er reisulegastur. Hellisey er falleg en við erum bara með veiðikofa þar á meðan það eru hús í hinum eyjunum.

Hvað er til ráða ef allar úteyjar Vestmannaeyja fara undir ríkið?

Það verður aldrei gert, ég hef ekki trú á því, enda hafa þeir engar forsendur. Við eigum eyjarnar, Vestmanneyjabær á eyjarnar. Lög hljóta að gilda yfir ríkið líka.

Eitthvað að lokum?

Bara að vera með jákvæðnina að leiðarljósi.

Heimaklettur: Framkvæmdir hafnar en framhaldið tefst

Endurbætur á gönguleiðinni upp Heimaklett hófust í sumar, en tafir hafa orðið vegna þess að skipta þurfti um verktaka.

Eins og fram kom í fyrri umfjöllun Eyjafréttanna í maí síðastliðnum hefur gönguslóði upp Heimaklett verið talinn forgangsverkefni til lagfæringar. Þar kom fram að slóðinn væri orðinn mjög illa farinn og að Framkvæmdasjóður ferðamannastaða hefði veitt verkefninu rúmlega ellefu milljóna króna styrk.

Í nýlegu svari Brynjar Ólafssonar, framkvæmdastjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs Vestmannaeyjabæjar, við fyrirspurn Eyjafréttanna kemur fram að framkvæmdir hafi hafist í sumar með endurnýjun trappa og stiga.

„Við byrjuðum á að endurnýja tröppur/stiga í sumar,“ segir

Brynjar. „Við fengum aðila til að skoða hvaða úrbætur væru í boði á gönguleiðinni. Illa gekk að ná aftur sambandi eða fá svör eftir ítrekaðar tilraunir. Við þurftum að leita aðstoðar hjá öðrum aðilum og því tefjast þessar framkvæmdir.“

Samkvæmt svari Brynjar stendur til að halda áfram með endurbætur á gönguleiðinni þegar nýr verktaki hefur verið fenginn til verksins og aðstæður leyfa.

Gönguslóði Heimakletts hefur lengi verið talinn mikilvægt öryggisatriði vegna fjölda gesta sem sækja klettinn heim, og vonir standa til að verkið fái nú loks framgang.

Svavar Steingrímsson gengur upp á Heimaklett. Ljósmynd/Gunnar Ingí






HALLÓ VESTMANNAEYJAR!

Frá 1. desember til 28. febrúar
munum við sinna áætlunarflugi
til og frá Vestmannaeyjum

5 x flug á viku



BÓKAÐU ÞITT SÆTI NÚNA



+354 414 6960



www.norlandair.is



Gervigreindin tvíeggjað sverð en möguleikar óendanlegir

ÓMAR GARÐARSSON
omar@eyjafrettir.is

Vel var mætt á námskeið um hagnýta notkun á gervigreind í atvinnulífi sem Þekkingarsetur Vestmannaeyja stóð fyrir í upphafi mánaðarins. Fyrirlesarar voru þrír, Gísli Ragnar Guðmundsson, sérfræðingur í gervigreind hjá KPMG, Melkorka Sigríður Magnúsdóttir, annar eigandi ráðstefnufyrirtækisins Iceland Innovation Week og Guðfinna Birta Valgeirsdóttir markaðsstjóri Innovation Week.

Allt mjög áhugaverðir fyrirlestrar og margt sem kom á óvart, m.a. að upphaf gervigreindar má rekja aftur til ársins 1956 en hefur sprungið út á allra síðustu árum. Þróun sem enn sér ekki fyrir endann á. Ljóst er að möguleikarnir eru margir en Gísli Ragnar sem er ötull talsmaður nýsköpunar og snjallari starfshátta í opinberri stjórnsýslu og atvinnulífi segir að líta verði á gervigreindina sem tvíeggjað sverð. Tækninni fleygi hratt fram og gervigreindin sé nýtt á öllum sviðum, bæði til góðs og ills.



Melkorka Sigríður stofnandi Iceland Innovation Week og dansari útskrifaðist með MS í nýsköpun og viðskiptaþróun árið 2017. Guðfinna Birta er með MS prófi í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum frá Háskóla Íslands og Gísli Ragnar er með B.Sc. í verkfræði frá Háskóla Íslands auk náms í máltækni og gervigreind.

Sparar vinnu

Hún er meðal annars nýtt í íþróttum þar sem smæstu atriði eru

greind af mikilli nákvæmi. Hann sagði tæknina gagnast í stjórnun og stefnumótun fyrirtækja og hjá

hinu opinbera. Tók hann sem dæmi verkefni í einu ráðuneytanna sem unnið var á nokkrum mánuðum með gervigreindinni hefði tekið allt að fjögur ár með hefðbundnum leiðum.

Já, möguleikarnir eru margir og einn er að gervigreindin útrými öllum sjúkdómum á næstu 30 til 40 árum og spari vinnu. Líka er hægt að ganga of langt eins og gerðist í Kína þegar gervigreind var nýtt til að finna út óæskilega borgara.

Melkorka Sigríður lýsti uppgangi fyrirtækis síns, Iceland Innovation Week sem hún stofnaði ásamt Eddu Konráðsdóttur árið 2020. Þær hafa verið virkar í nýsköpunarumhverfinu síðustu ár. Unnu hjá Icelandic Startups sem heitir í dag Klak og stýrðu þar hröðlum og stuðningsverkefnum fyrir sprotafyrirtæki.

Ráðstefna á vegum Iceland Innovation Week var fyrst haldin á netinu vegna samkomutakmarkana. Hátíðin hefur vaxið síðan og síðasta vor tók mikill fjöldi þátt í hátíðinni sem fram fór vítt og breitt um Reykjavík.

Guðfinna Birta sagði frá mikilvægi vörumerkja og beinskeyttra skilaboða til að ná til almennings.

Á eftir fór fram umræða um kosti og galla gervigreindar og kom á óvart hvað margir nýta hana í leik og starfi.



Þétt setið og kom á óvart hvað margir nýta gervigreind í sínum daglegu störfum.

Kraftur í verki í 10 ár



HS vélaverk er alhliða verktakafyrirtæki sem sinnir stórum sem smáum verkefnum við undirbúning bygginga og mannvirkjagerð.

hsvelaverk@gmail.com // símar 840-5820 og 840-5814

Natali Oson flúði Úkraínustríðið og flutti til Vestmanneyja

ANNIKA VIGNISDÓTTIR
annika@eyjafrettir.is

Natali Oson er 38 ára gömul kona frá Úkraínu sem ásamt eiginmanni sínum, Slava Mart, flutti til Vestmanneyja árið 2020. Ástæðan fyrir flutningunum var stríðið í heimalandinu, sem gerði þeim ómögulegt að halda áfram venjulegu lífi þar. Þau stóðu frammi fyrir þeirri erfiðu ákvörðun að yfirgefa heimili sitt, vini og fjölskyldu til að hefja nýtt líf í öruggu umhverfi. Ísland varð fyrir valinu, meðal annars vegna þess að þau höfðu áður komið hingað í heimsókn og heillast af landinu, náttúrunni og fólkinu. Þegar Slava fékk vinnu í Vestmannaeyjum ákváðu þau að setjast hér að og hefja nýtt líf hér í Vestmannaeyjum. Natali og Slava hafa vakið mikla athygli fyrir faglega nálgun sína í myndbandsgerð og ljósmyndun þar sem þau starfa saman að fjölbreyttum verkefnum. Við fengum að ræða við Natali um bakgrunn hennar, ferilinn og reynsluna af því að starfa á lítilli eyju langt frá heimalandinu.

Natali er fædd og uppalin í norðurhluta Úkraínu en flutti síðar suður til borgarinnar Mariupol, þar sem ljósmyndaferill hennar hófst. Því miður var borgin

sprengd upp og eyðilögð í stríðinu, sem er Natali mjög sárt.

Hún segir ljósmyndaáhugann hafa fylgt sér frá unga aldri, en hún sé jafnframt með meistara-gráðu í sálfræði. Árið 2012 hóf hún að starfa sem ljósmyndari og hefur ekki litið til baka síðan. Í heimalandinu starfaði hún fyrir alþjóðleg fyrirtæki í tísku- og auglýsingageiranum og aflaði sér þar dýrmætrar reynslu. Síðar flutti hún til Kyiv, þar sem hún og maður hennar sem er með svipaðann bakgrunn fóru að starfa saman að myndbandsgerð, ljósmyndun og beinum útsendingum þar sem þau voru með sitt eigið framleiðslu fyrirtæki.

Byggðu upp nýtt líf og ný tækifæri

Aðspurð hvernig þeim hafi gengið að byggja upp feril sinn á svo lítilli eyju eins og Vestmannaeyjum segir Natali að það hafi ekki verið auðvelt í upphafi, þar sem markaðurinn sé smár. „Okkur hefur samt sem áður tekist að skapa okkur tækifæri og verið í samstarfi við fyrirtæki og einstaklinga, bæði hér í Eyjum og annars staðar á Íslandi,“ segir hún. „Við höfum mikla ástríðu fyrir því sem við gerum og leggjum alltaf áherslu á fagmennsku. Þegar maður fylgir hjartanu og gerir hlutina af heilindum, þá skilar það sér og fólk tekur eftir því.“

Þau hjónin hafa tekið að sér fjölbreytt verkefni víða um land og hafa þau meðal annars unnið fyrir viðburði á borð við goslokahátíðina, þjóðhátíð, Hljómey, Puffin



Natali segir ljósmyndaáhugann hafa fylgt sér frá unga aldri, en hún sé jafnframt með meistara-gráðu í sálfræði.


Run og fleira. Einnig hafa þau sinnt verkefnum fyrir veitingastaði á borð við Smass, Dass Bar, Skál, Slippinn, Næs, Gott, Einsa Kalda, Vöruhúsið og Brothers Brewery, auk annarra staða. Natali sér einnig um alla efnissköpun fyrir Visit Vestmannaeyjar, bæði heimasíðu og samfélagsmiðla.

Auk þessara verkefna bjóða þau hjónin upp á fjölskyldu- og brúðkaupsmyndatökur, þar sem þau fanga fallegar stundir bæði á myndum og í myndböndum. „Slava, eiginmaður minn, sérhæfir sig í myndbandsupptökum og tekur einnig loftmyndir með dróna,“ segir Natali. „Við erum töluvert bókud í slík verkefni, og fólk er þegar byrjað að panta hjá okkur fyrir næsta ár.“

Fólkið og náttúran veitir innblástur


Aðspurð hvaðan Natali fái helst innblástur segir hún hann koma frá umhverfinu og fólkinu. „Ég fæ aðallega innblástur frá fegurðinni í kringum mig, náttúran hér á Íslandi er einstök og fólkið hérna er dásamlegt og hlýtt, sérstaklega í Eyjum,“ bætir hún við. Natali nefnir að það sé þónokkur menningamunur á samfélaginu á Íslandi samanborið við í heimalandinu. „Já ég myndi segja það, Íslendingar eru mjög góðir í að virða mörk hvers annars, sem mér finnst mjög góður kostur og oft ábótavant annars staðar. Einnig finnst mér Íslendingar vera einstaklega gott og ábyrgt fólk og ég kann að meta það.“

En sjá Natali og Slava fyrir sér að vera hér til lengri tíma er planið að fara annað?



Hjónin Natali og Slava flúðu stríðið í Úkraínu og tóku ákvörðun um að flytja til Íslands.

Við höfum búið hér í tvö ár og erum alveg heilluð af Eyjunum. Ef ekki væri fyrir vinnuna okkar myndum við líklega dvelja hér að eilífu,“ segir hún. „Við ferðumst mikið vegna vinnu og erum oft í Reykjavík, en frá september til apríl geta samgöngurnar verið krefjandi og sett strik í reikninginn. Við viljum geta sinnt viðskiptavinum og verið áreiðanleg, og því höfum við ákveðið að flytja á höfuðborgarsvæðið.“ Hún bætir þó við að þau ætli sér alls ekki að slíta tengslin við Vestmannaeyjar. „Við ætlum að halda áfram samstarfi við fyrirtæki og einstaklinga hér og sjáum fyrir okkur að koma reglulega hingað. Vestmannaeyjar eiga sérstakan stað í hjörtum okkar,“ segir hún að lokum.



Myndir þeirra hjóna hafa vakið mikla athygli og skapað þeim mörg tækifæri hér á landi.

Lægsta verðið er komið til Eyja!

Veldu þína stöð í N1 appinu ➔



Nánari upplýsingar:
n1.is/stodin-min

**Allt að 30 kr. afsláttur
af hverjum lítra!**

Nú færðu loksins lægsta eldsneytisverðið á heimaslóð.
Það eina sem þú þarft að gera er að velja N1 stöðina
í Eyjum í N1 appinu. Svo byrjar þú bara að dæla með afslætti
sem þú munt gjörsamlega elska.

**Stöðin
mín** 

Söngurinn tengdi þær saman

ANNIKA VIGNISDÓTTIR
annika@eyjafrettir.is

Söngkonurnar Una og Sara ættu að vera eyjafólki vel kunnugar en þær stóllur hafa nú sungið saman í nær tíu ár og heillað áhorfendur með samhljómi sínum og faglegri framkomu. Samstarf þeirra þróaðist út frá sameiginlegum áhuga þeirra á tónlist sem hefur vaxið og dafnað síðastliðin ár. Una og Sara veittu Eyjafréttum viðtal þar sem þær ræddu upphafið, samstarfið, áhrif samfélagsmiðla og minnisstæða atburði á ferlinum.

Aðspurðar hvernig söngferill þeirra hafi farið af stað segir Sara að hún hafi fyrst byrjað að syngja opinberlega árið 2012 þegar hún sigraði söngvakeppni barna á Þjóðhátíð. Eftir það hafi boltinn farið að rúlla og árið 2015 vann hún söngvakeppni Samfés.

„Ég hafði alltaf verið að syngja þegar ég var yngri og man eiginlega bara eftir mér syngjandi,“ segir hún og bætir við að bróðir sinn hafi oft verið orðinn ansi þreyttur á að þurfa að hlusta á hana syngja. Una skýtur inn í „Greyið hann, svo byrjaði hann með mér, og ég tók við! Nú þarf hann að hlusta á okkur báðar syngja og æfa saman,“ segir hún og hlær.

Una tekur í sama streng og Sara og segist einnig alltaf hafa verið syngjandi sem barn. „Ég var alltaf syngjandi, en var á sama tíma svo feimin að ég þorði aldrei að koma fram.“ Hún rifjar



Sara og Una eru góðar vinkonur og þykir afar skemmtilegt að fá að syngja saman.

upp atvik þegar systir hennar, Elísabet, bað um að fá að taka hana upp syngja inn á baði. Una var treg til en lét til skarar skríða eftir að Elísabet mútaði henni með sjoppuferð í Kránna, sem var á móti heimilinu þeirra á Boðaslóðinni á sínum tíma. Una söng lagið Someone Like You með Adele, sem þá var nýkom-ið út. Í framhaldi upptökunni setur Elísabet myndbandið inn á Youtube sem að lokum rataði inn á Bleikt.is, sem var mjög vinsælt á þeim tíma. „Ég kom heim úr skólanum daginn sem þetta fór í dreifingu og var í áfalli yfir því hversu margir voru búnir að hlusta á þetta og yfir athyglinni sem þetta fékk, en mér fannst þetta á sama tíma skemmtilegt.“

Eftir að myndbandið hafi farið á flug og eftir mikla hvatningu frá fjölskyldunni ákvað Una að sækja um í jólastjörnu Björgvins árið 2011. „Ég sendi myndband af mér syngja og komst áfram, við vorum 10 af stórum hópi sem komumst áfram. Þetta var frábær viðurkenning og mikil hvatning til að halda áfram. Í framhaldi af þessu fór allt af stað hjá mér,“ segir Una og segir að hún hafi komist yfir feimnina eftir þetta.

Samstarfið skrifað í skýin

Aðspurðar hvernig samstarf þeirra hafi kviknaði síðar meir segja þær að þær hafi í raun alltaf þekkst og vitað af hvor annarri. Þær hittust reglulega á viðburðum tengdum söng og leiklist, þegar eitthvað var í gangi í skólanum eða leikhúsinu. Það var þó ekki fyrr en 2017 sem þær ákváðu að prófa að syngja saman

og segja að það hafi einhvern veginn verið „skrifað í skýin“.

Eitt af þeirra fyrstu verkefnum saman voru styrktartónleikar í Höllinni og þar var svona upphafið af þeirra samstarfi. Síðan þá hefur margt vatn runnið til sjávar og þær komið saman ótal oft. Þær segjast passa einstaklega vel saman og vera með svipaðan tónlistarstíl. „Sara er með órlítið nútímalegri smekk en ég, en samt mjög svipaðan“, segir Una og bætir við að þær séu báðar miklar Abba konur, sem sé alltaf klassískt. Þó svo að við séum með ákveðinn stíl þá erum við með frekar tímalaugar og getum sungið allskonar lög. Við stimplum okkur ekki út fyrir eitthvað eitt og sniðum alltaf prógrammið eftir því hvaða hóp við erum að syngja fyrir, segja þær.

Aðspurðar hver séu eftirminni-legustu augnablikin á ferlinum segja þær að það sé margt sem standi upp úr. „Okkur hefur þótt ótrúlega gaman að syngja á Eyjatónleikunum í Hörpunni. Það er eftirminnilegt að vera saman þar og vinna með svo faglegu fólki,“ segja þær. „Einnig standa Þjóðhátíðarnar alltaf upp úr.“

Þær segjast almennt séð ekki finna fyrir miklu stressi þegar þær stíga á svið en segja að það sé samt sem áður dagamunur á þeim og það geti alveg komið fyrir. Þær segjast afar þakklátar fyrir að fá að gera það sem þær gera. „Þetta byrjaði sem áhugamál hjá okkur, en í dag er þetta bæði áhugamál okkar og vinna, og ekki skemmir fyrir að við erum bestu vinkonur“ bæta þær við.

Samfélagsmiðlar hjálpa mikið til

Una og Sara eru virkar á samfélagsmiðlum og nýta þá markvisst til að kynna sig og tónlist sína. Þær segja að samfélagsmiðlar, sérstaklega TikTok, hafi haft gríðarleg áhrif við að hjálpa þeim að komast áfram. „Já, alveg svakalega,“ segja þær. „TikTok er svo mikilvægt í dag, flestar bókanir okkar koma þaðan. Þetta er í raun ákveðin auglýsing. Við höfum til dæmis fengið mikið af brúðkaupsbókunum í gegnum TikTok, sérstaklega í Reykjavík. Margt spennandi á döfinni“

Á bakvið alla þessa viðburði liggur þó mikil vinna. Þær leggja mikla áherslu á æfingar, klæðnað og samræmda framkomu, og segja það oft krefjandi að halda öllum smáatriðum í lagi. „Margir átta sig oft ekki á því hversu mikil vinna felst í þessu. Maður vill alltaf sýna sína bestu hliðar en stundum koma upp kvefpestir eða önnur veikindi sem geta sett strik í reikninginn og það veldur oft miklum kvíða.“ Þær viðurkenna einnig að sum verkefni geti verið andlega þung. „Jarðarfarið eru alltaf erfiðar, jafnvel þó maður hafi gert þetta oft áður,“ segja þær. „En við elskum það sem við gerum, og tökumst á við allar áskoranir.“

Það margt spennandi á döfinni hjá þeim stóllum, þær munu meðal annars koma fram á viðburði í Hörpunni í þessum mánuði, jólatörnin er handan við hornið og svo munu þær syngja á árshátíð Bláa lónsins í desember. Að lokum bíður þeirra stórt og spennandi verkefni í mars á næsta ári.



Sara Renee Griffin og Una Þorvaldsdóttir.

4 ÁRA

1. NÓV. 2025

Kæru viðskiptavinir, innilegar þakkir fyrir frábærar viðtökur og traustið síðastliðin fjögur ár. Það hefur verið mér sönn ánægja að fá að aðstoða ykkur við kaup og sölu á fasteignum. Ykkar ánægja er minn helsti drifkraftur og ég hlakka til að halda áfram að veita ykkur persónulega og faglega þjónustu.



Miðstræti 11a, 900 Vestmannaeyjar

76.000.000 kr.

Einbýli / 165 m² / 5 herbergi



Áshamar 75, 900 Vestmannaeyjar

45.900.000 kr.

Fjölbýli / 89 m² / 3 herbergi



Skólavegur 22, 900 Vestmannaeyjar

63.900.000 kr.

Fjölbýli / 180 m² / 5 herbergi



Njarðarstígur 17, 900 Vestmannaeyjar

29.900.000 kr.

Fjölbýli / 93 m² / 2 herbergi



Miðstræti 3, 900 Vestmannaeyjar

49.800.000 kr.

Fjölbýli / 131 m² / 4 herbergi



Skólavegur 19, 900 Vestmannaeyjar

54.900.000 kr.

Einbýli / 177 m² / 7 herbergi



Sóleyjargata 5, 900 Vestmannaeyjar

69.900.000 kr.

Fjölbýli / 194 m² / 5 herbergi



Hásteinsvegur 15, 900 Vestmannaeyjar

53.500.000 kr.

Einbýli / 129 m² / 5 herbergi



Vestmannabraut 46, 900 Vestmannaeyjar

TILBOÐ

Einbýli / 148 m² / 3 herbergi



Strandvegur 55, 900 Vestmannaeyjar

37.900.000 kr.

Fjölbýli / 63 m² / 2 herbergi



Sólhlíð 8, 900 Vestmannaeyjar

69.900.000 kr.

Fjölbýli / 154 m² / 6 herbergi



Helgafellsbraut 1, 900 Vestmannaeyjar

36.800.000 kr.

Fjölbýli / 69 m² / 3 herbergi



Foldahraun 41, 900 Vestmannaeyjar

51.900.000 kr.

Fjölbýli / 118 m² / 3 herbergi



Vestmannabraut 46, 900 Vestmannaeyjar

49.500.000 kr.

Einbýli / 107 m² / 4 herbergi



Helgafellsbraut 19, 900 Vestmannaeyjar

84.900.000 kr.

Einbýli / 285 m² / 5 herbergi



Herjólfsgata 8, 900 Vestmannaeyjar

57.000.000 kr.

Fjölbýli / 154 m² / 4 herbergi



Skólavegur 13, 900 Vestmannaeyjar

62.900.000 kr.

Fjölbýli / 192 m² / 5 herbergi



Vesturvegur 15, 900 Vestmannaeyjar

TILBOÐ

Einbýli / 85 m² / 3 herbergi



Vestmannabraut 18, 900 Vestmannaeyjar

59.500.000 kr.

Fjölbýli / 145 m² / 4 herbergi



Öfanleitisvegur 15, 900 Vestmannaeyjar

54.900.000 kr.

Sumarhús / 80 m² / 4 herbergi



Heiðarvegur 5, 900 Vestmannaeyjar

138.000.000 kr.

Atvinnuhúsnæði / 463 m² / 8 herbergi



Bárustígur 1, 900 Vestmannaeyjar

36.900.000 kr.

Atvinnuhúsnæði / 111 m²



Skildingavegur 6, 900 Vestmannaeyjar

TILBOÐ

Atvinnuhúsnæði / 271 m²



Strandvegur 93, 900 Vestmannaeyjar

TILBOÐ

Atvinnuhúsnæði / 543 m²



Strandvegur 89, 900 Vestmannaeyjar

TILBOÐ

Atvinnuhúsnæði / 788 m²



EYJAEIGNIR.IS



**HALLDÓRA KRISTÍN
ÁGÚSTSDÓTTIR**

LÖGG. FASTEIGNA- OG SKIPASALI
OG B.S.C. Í VIÐSKIPTAFRÆÐI
S. 861-1105 - DORA@HUSFASTEIGN.IS
STRANDVEGI 43A - VESTMANNAEYJUM





Það þurfti margar hendur þegar strengirnir voru teknir á land í Landeyjasandi.

Ragna Árnadóttir forstjóri Landsnets

Breytir miklu fyrir samfélagið

≡ Styttist í að strengirnir verði teknir í notkun

ÓMAR GARÐARSSON
omar@eyjafrettir.is

Ragna Árnadóttir tók við stöðu forstjóra í sumar en hún kom til Landsnets frá Alþingi þar sem hún hafði starfað sem skrifstofustjóri undanfarin sex ár. Áður hafði hún starfað sem aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar og þekkir hún því vel til orkumála.

Í sumar lagði Landsnet tvo nýja háspennustrengi til Vestmannaeyja og í kjölfar þess kom Ragna, nýtekin við sem forstjóri, í heimsókn til Eyja. Þar kynnti hún sér vinnuna við lagningu strengjanna og hitti meðal annars Írisi Róbertsdóttur, bæjarstjóra, um borð í lagningarskipinu.

Við slógum á þráðinn til Rögnu og fórum með henni yfir framkvæmdina, undirbúninginn og hvernig gekk að leggja þá og ræddum líka áskoranir sem tengjast raforkumálum í Vestmannaeyjum. Ragna á rætur að rekja til Vestmannaeyja en hún er af Burstafellsætt. Samtalið byrjaði því auðvitað á þeim nótum að athuga hvort hún væri skyld blaðamanninum en í fljótu bragði komumst við að því að svo var ekki.

Lagning strengjanna gekk vonum fram

Ragna segir nýju Vestmannaeyjastrengina marka tímamót í rafmagnssögu Vestmannaeyja. „Það má segja að lagning Vest-



Nýtekin við sem forstjóri fór Ragna í heimsókn til Eyja og hitti meðal annars Írisi bæjarstjóra, um borð í lagningarskipinu. Myndir Landsnet.

manneyjastrengja 4 og 5 hafi gengið vonum fram, veðrið var okkur hliðhollt og við náðum að

leggja þessa tvo strengi og svo í kjölfarið streng yfir Arnarfjörðinn á aðeins 9 dögum. Með okkur að

lagningu strengjanna unnu fjöldi erlendra og innlendra sérfræðinga sem öll lögðu sitt af mörkum til að verkefnið gengi hratt og örugglega. Eins og í öllum stórum framkvæmdum komu upp óvænt atriði, en þau voru leyst með góðu samstarfi og lausnamiðuðu hugarfari. Eyjamenn tóku virkan þátt í að finna lausnir með okkur og því gekk verkefnið heilt yfir afar vel. Mig langar að þakka öllum sem komu að þessu verki fyrir vel unnin störf og Vestmannaeyjabæ fyrir gott samstarf,“ segir Ragna.

Aukið afhendingaröryggi

Raforkumál Vestmannaeyja hafa lengi verið í ákveðinni óvissu og hafa íbúar þurft að búa við ótryggt afhendingaröryggi undanfarin ár.

Ákvörðun um lagningu nýrra strengja til Vestmannaeyja hafði lengi verið til umræðu. Þegar Vestmannaeyjastrengur 3 bilaði árið 2023 var ákveðið að flýta framkvæmdinni. Í kjölfar útboðs var samið við kínverska fyrirtækið Hengtong Submarine Cable um kaup á strengjum og lagningu þeirra. Hengtong samdi síðan við norska fyrirtækið Seaworks um sjálfa lagninguna. Strengirnir, alls um 38 kílómetrar að lengd, voru fluttir með stóru flutningaskipi frá Kína til Eyja í byrjun sumars og spólaðir þar yfir í lagningarskipið. Að því loknu hófst lagning sæstrengjanna um leið og veður leyfði.

Í maí hóf verktakinn Þjótandi lagningu jarðstrengja sem tengjast nýju sæstrengjunum. Frá Rimakoti



HR. EYDÍS
&
ERNA HRÖNN

BALL Í BÓÐI 08. NÓV. ÍS FÉLAGS

Í HÖLLINNI Í VESTMANNAEYJUM

Húsið opnar kl. 23.00 / ballið stendur til kl. 02.00

Rútuferðir á ballið frá kl 23-00:30.

FRÍTT Á BALL FYRIR ALLA OG FRÍTT Í RÚTUR.

ATH! 18 ÁRA ALDURSTAKMARK.

 ÍS FÉLAG

voru lagðir tveir jarðstrengir, hvor um sig 3,5 km langir, sem tengjast sæstrengjunum um 250 metra frá fjöruborði í Landeyjarfjöru. Þaðan liggja síðan tveir 13 km langir sæstrengir til Vestmannaeyja. Í Eyjum halda jarðstrengirnir áfram, um 1,5 km frá fjöru að tengivirki Landsnets í Vestmannaeyjum.

Þegar Vestmannaeyjastrengir 4 og 5 verða komnir í rekstur munu þeir auka flutningsgetu til Eyja til muna eða um allt að 120 MVA. Þeir munu einnig bæta afhendingaröryggi raforku til Vestmannaeyja og tryggja örugga orkutengingu til framtíðar.

Spennusetning hefur dregist

Kostnaður við heildarverkið, með sæstrengjum, jarðstrengjum og tengivirkjum eru rúmir 3 milljarðar og segir Ragna þetta mikla fjárfestingu en jafnframt gríðarlega mikilvæga: „Þetta tryggir Eyjum aukid ökuöryggi og skapar traustan grunn fyrir áframhaldandi uppbyggingu atvinnulífs og samfélags.“

„Allri tengivinnu við strengina er lokið og unnið er nú að yfirborðsfrágangi í samvinnu við Vestmannaeyjabæ. Það skiptir okkur hjá Landsneti miklu máli að skilja vel við umhverfið eftir okkar framkvæmdir. Nú stendur yfir vinna í tengivirkjunum beggja vegna, í landi og í Eyjum, en ýmsir þættir hafa orðið til þess að verklok þar hafa tafist. Til stóð að taka þá í rekstur í haust en nú lítur út fyrir að það verði seinkun á því. Við leggjum þó allt kapp á að spennusetja strengina sem allra fyrst og ef allt gengur að óskum verða þeir komnir í rekstur fyrir áramót.“

Örugg orka lykilforsenda lífsgæða

Þann 9. október síðastliðinn varð rafmagnslaust í Vestmannaeyjum þegar Rimakotslína 1 sló út. Mikið seltuvedur hafði þá gengið yfir landið og lagst á línur á Suðurlandi sem varð þess valdandi að rafmagn fór af og varaafli var virkjað bæði í Vestmannaeyjum og í Vík. Því liggur beinast við að spyrja Rögnu að því hvort varaaflið verði áfram til staðar í Vestmannaeyjum.

„Eins og staðan er núna þá reiknum við með að varaafli verði til staðar í Eyjum, í einhvern tíma, en þörfin fyrir það minnkar með komu strengjanna.“ Ragna rifjar upp að í janúar 2023 hafi bilun á sæstreng haft mikil áhrif í Eyjum. Þurftu loðnubræðslurnar þá að keyra heila vertíð á dísilvélum og hitaveitan á olíu fram á haust.

„Starfsfólk Landsnets sýndi mikla útsjónarsemi og leysti úr flóknum aðstæðum en markmiðið er að samfélagið þurfi ekki að treysta á slíkar neyðarlausnir í framtíðinni,“ segir hún.

„Strengirnir mæta bæði þörfum

samfélagsins og atvinnulífsins.

Með þeim getum við mætt þörfum ykkar um rafmagn. Það er mikil og spennandi uppbygging í Eyjum og örugg orka er lykilforsenda þess að fjárfestar geti ráðist í verkefni hér,“ segir Ragna og nefnir Laxey í því sambandi.

„Það sá ég í sumar þegar ég kom til að fylgjast með og fékk tækifæri til að ræða við okkar fólk á staðnum og Írisi Róbertsdóttur bæjarstjóra um framkvæmdina og ekki síst framtíðina. Það var mjög gaman að fá tækifæri til að skoða Laxey og þá miklu uppbyggingu í landeldi á laxi sem þar er að verða til. Tugmilljarða framkvæmd og rekstur sem er háður öruggri orku. Ég geri mér grein fyrir því að örugg orka er skilyrði þess að fjárfestar fái að svona stórra framkvæmd.“

Þrjú fyrirtæki í Eyjum, Langa fiskþurrkun, Herjólfur og HS Veitur hafa hingað til nýtt sér ótrygga orku á lægra verði. Með nýju strengjunum verður tryggð næg og örugg orka til framtíðar, sem getur þó haft áhrif á kostnað. Ragna vill ekki tjá sig sérstaklega um það atriði en leggur áherslu á að með tilkomu strengjanna eykst stöðugleiki og rekstraröryggi til muna.

Hlakkar til að koma aftur til Eyja

Þegar lítið er til landsins alls bendir Ragna á að staðan sé ekki alls staðar jafn traust.

„Stjórnvöld ákváðu fyrir nokkrum árum að forgangsraða tvítengingu, meðal annars á Vestfjörðum, Suðurlandi og í Vestmannaeyjum. Því hefur Norðausturland enn ekki fengið sömu uppbyggingu. Við erum þó í samstarfi við RARIK að greina



Strengirnir á land í Eyjum. Þeir mæta þörfum samfélagsins og atvinnulífsins um rafmagn.

mögulegar lausnir þar,“ segir hún. „Þetta er flókið mál og ég skil að ekki séu allir sáttir. Stundum þarf tryggt orkuöryggi til að laða að fjárfestingar, en stundum þurfa fjárfestingarnar að koma á undan. Það er klassíska spurningin, hvort kemur á undan, eggid eða hæn-an?“ segir Ragna.

Að lokum bendir hún á að með

nýju framkvæmdunum verði þrír öflugir strengir til Eyja. „Vestmannaeyjastrengir 4 og 5 eru mikilvæg skref fyrir Vestmannaeyjar, bæði fyrir daglegt líf og framtíðaruppbyggingu samfélagsins. Ég hlakka til að koma aftur til Eyja þegar við tökum strengina í rekstur og fagna þessum áfanga með ykkur.“



Kapalskipið Aura. Miklu skipti að veður var gott meðan á lagningu strengjanna stóð.



**Öflugt verktakafyrirtæki
í Vestmannaeyjum
sem býður upp á alla almenna
jarðvegsvinnu og gröfuþjónustu
fyrir stærri sem minni verk.**

BRINKS@BRINKS.IS >> SÍMI 692-9022

Barbora Gorová ≡ Frá Tékklandi til Vestmannaeyja

Kynntist Gísla á veitingastað á Kúbu

≡ Varð strax heilluð af Eyjum

Barbora Gorová flutti til Vestmannaeyja árið 2017 ásamt eiginmanni sínum, Eyjamanninum Gísli Matthíasi Sigmarssyni. Þau kynntust á ferðalagi sínu um Kúbu og urðu fljótlega par. Eftir að hafa búið saman erlendis um tíma ákváðu þau að setjast að í Eyjum. Barbora er lyfjafræðingur að mennt og hefur hún vakið athygli fyrir fagmennsku sína og þjónustulund í Apótekinu hér í Eyjum og einnig fyrir hversu vel henni hefur gengið að aðlagast samfélaginu. Hún er fædd og uppalin í Tékklandi og það var ekki í plönunum að flytja til Íslands, en svo gerðist lífið og hún er alsæl í dag. Hún segir Vestmannaeyjar hafa heillað sig strax og henni líði alltaf eins og hún sé í frú hér. Barbora veitti Eyjafréttum viðtal.

„Ég kem frá Tékklandi og er fædd og uppalin þar, foreldrar mínir og bróðir búa þar. Þegar ég var í háskólanáminu í lyfjafræðinni ákvað ég að fara í skiptinám til Kúbu og þar kynntist ég Gísli á veitingastað, en hann var þá í spænskunámi á þeim tíma,” segir Barbora. Hún á góða fjölskyldu í Tékklandi og segir fjölskylduna virka og alltaf vera



Barbora Gorová flutti frá Tékklandi til Vestmannaeyja.

gera eitthvað skemmtilegt. „Við gerðum mjög mikið saman, foreldrar mínir eiga sumarhús upp í fjalli þar sem var rólegt og þægi-

legt, við ræktuðum þar grænmeti og ávexti þar, fórum í fjallgöngur í kring, hjóluðum og ferðuðumst. Það var alltaf eitthvað í gangi.“

Í framhaldi af kynnum þeirra Gísli á Kúbu fóru þau að ferðast saman, að því loknu þurfti hún aftur til Tékklands að klára skólan og Gísli fylgdi henni þangað. Gísli fór síðan heim og voru þau í fjarsambandi um nokkurt skeið. „Ég var að gera rannsókn tengda náminu og gat ekki farið,” segir Barbora. Þegar Barbora hafði lokið rannsókninni ákvað hún að slá til og prófa að flytja til Vestmannaeyja með Gísli. Hún sótti um vinnu í apótekinu en fékk ekki starf. Á þessum tímabili var hún í doktorsnámi og var að skrifa, en langaði til að vinna með náminu. Hún sótti um starf á Hótel Vestmannaeyjar hjá Öddu og Magga og fékk vinnu þar. Henni þótti sú reynsla mjög jákvæð og skemmtileg. „Það kynntist ég skemmtilegu fólki og vinnan var einnig mjög skemmtileg.”

Stökk á tækifærið

Markmið Barboru voru samt sem áður að fá vinnu við hæfi, tengda menntun og reynslu, svo þau Gísli tóku ákvörðun að flytja aftur út til

Tékklands 2019. Barbora stefndi alla tíð annað hvort á lækisfræði eða lyfjafræði, en valdi að lokum lyfjafræðina vegna áhuga hennar á efnafræði. Barbora fékk strax góða vinnu úti, en eftir stutt stopp hringdi Sigurbjörg sem var yfir apótekinu í Eyjum og sagði að þeim bráðvantaði annan lyfjafræðing til Eyja. „Við vorum akkúrat stödd í Kólumbíu þegar hún hringir og vorum ekki búin að vera lengi úti, þetta var ekki heppileg tímasetning og ég sagði henni að ég þyrfti að hugsa aðeins málið. Eftir stutta umhugsun ákváðum við að stökkva á þetta tækifæri,” segir Barbora og sér ekki eftir því. Hún segist vera Sigurbjörgu afar þakklát. „Sigurbjörg hjálpaði mér að fara í gegnum leyfið og kenndi mér á allt saman. Það er fullt af útlendingum sem búa á Íslandi sem eru með góða menntun og reynslu en fá aldrei tækifæri, svo ég er mjög heppin,” bætir hún við.

Barbora hóf í framhaldi af þessu störf í Apótekanum í Vestmannaeyjum í febrúar 2020. Við tóku krefjandi tímar. „Ég byrjaði að vinna þegar covid var nýbyrjað. Fólk var í sóttkví og við þurftum að afgreiða lyf út um



Barbora ásamt eiginmanni sínum Gísli Matthíasi. Þau hafa verið einstaklega dugleg að ferðast saman í gegnum tíðina.

gluggann. Ég talaði litla sem enga íslensku og ég átti erfitt með að tjá mig og útskýra. Hins vegar var mjög góður mórall í apótekinu og samstarfskonur mínar voru duglegar að hjálpa mér og kenna mér íslensku. Þetta var samt sem áður mikið að meðtaka og ég fékk oft þá tilfinningu að vilja hætta og gefast upp. Það talaði enginn ensku við mig sem var eftir á að hyggja ótrúlega gott. Ég man hvað ég var oft þreytt eftir daginn að vera búin að tala og hlusta á íslensku allan daginn. Stundum þegar ég kom heim byrjaði Gísli maðurinn minn líka að tala við mig á íslensku, þá bað ég hann vinsamlegast að hætta og tala við mig á ensku, því ég gat ekki meir segir hún og hlær.

Hún ákvað einnig á þessum tíma að skella sér á íslensku námskeið í Visku sem hún segir hafa verið mjög góða reynsla. „Þar hittu ég fleiri útlendinga, fékk félagsskap og var ekki eins einangruð.“ Hún náði góðum tókum á íslenskunni og segir samfélaginu hér í Eyjum að þakka.

Lífið í Eyjum

Barbora segist elska að búa í Vestmannaeyjum. Þegar hún kom hingað fyrst fannst henni eins og hún væri í alltaf frí og hún er enn með þá tilfinningu. „Hér er ekkert stress og maður þarf ekki að keyra langar vegalengdir, það er auðvelt að kúpla sig út og njóta. Eyjan er svo falleg og það er yndislegt að vera laus við umferðina.“

Hún lýsir samfélaginu í Eyjum sem hlýju og samheldni. „Fólkið hér er svo opið, hjálplegt og jákvætt. Það er alltaf hægt að treysta því að hlutirnir reddist. Ég gæti ekki hugsað mér að búa

annars staðar á Íslandi, fyrir mér er það annað hvort Vestmannaeyjar eða erlendis,“ segir hún. Þegar Barbora kom hingað fyrst tók hún þó eftir nokkrum hlutum sem henni þóttu öðruvísi en hún var vön. „Íslendingar keyra rosa-lega mikið, jafnvel hér í Eyjum á svona litlum stað. Mér fannst það ótrúlega skrítið fyrst, en nú er ég orðin alveg eins sjálf,“ segir hún og hlær. Hún hafi einnig tekið eftir því hvað Íslendingar neyti mikið af drykkjum úr dósom og furðaði sig á því í byrjun. „Svo það auðvitað kaffidrykkjan hér á Íslandi, út í Tékklandi drekkum minna kaffi og erum meira með te, það er oft hlegið af mér í apótekinu fyrir að vera alltaf með te í risa bollum.“

Aðspurð hvort hún sjái mun á vinnumhverfi hér og erlendis segir hún það vissulega vera tilfellið. „Mér finnst stofnanir eins og sjúkratryggingar vera strangari og stífari úti, þó svo að reglurnar í kringum það séu svipaðar. Hér er fólk afslappaðra og ef eitthvað kemur upp þá er bara ekkert mál að redda hlutunum. Fólk hér nálgast hlutina með meiri ró og sveigjanleika,“ bætir hún við.

Barbara nefnir einnig að henni þyki líka auðveldara að fá frí á Íslandi samanborið við í heimalandinu. „Hér er ekkert mál að taka sér frí og einnig langt sumarfrí, en það er alls ekki raunin úti. Þar fer fólk í mesta lagi í 2 vikur í frí yfir sumarið, og stundum að skíða yfir vetrartímann.“ Hún bætir við að hún vinni með svo dásamlegum lyfjafræðingum sem séu til í að leysa hana af þegar henni langar að fara hitta fjölskyldu og vini sína úti. „Ég fer út á þriggja mánaða fresti sem



Barbora var einstaklega fljót að koma sér inn í samfélagið í Eyjum. Hér má sjá hana sem Fjallkonuna á 17. júní, 2024.

er alveg geggjað og nauðsynlegt fyrir mig til að rækta tengslin við fólkið mitt.”

Hún segir daglega rútínu í heimalandinu örlítið frábrugðna því sem gengur og gerist hér á Íslandi. „Úti fer fólk fyrr að sofa og vaknar fyrr. Þar byrjar lífið kl. sex á morgnana, leikskólarnir opna þá og margir vinna frá 6-14 og eiga svo frí seinni partinn. Hér er þetta aðeins öðruvísi og fólk fer einnig seinna að sofa og vaknar seinna svona almennt séð. Að öðru leyti finnst henni Íslendingar svipaðir Tékkunum fyrir utan eins og hún nefndi hér áður að Tékkarnir eru aðeins stífari og formfastari.“

Aðspurð hvort hún sakni einhvers segir hún frá heimalandinu segir hún það helst vera árstíðirnar sem hún segi meira áberandi þar. „Ég sakna þess að geta ekki farið að skíða eftir vinnu eða labba/hjóla upp á fjall til að fá ferskan bjór og súpu í fjallaskálanum, eins og svo margir Tékkar gera eftir vinnu. Ég sakna einnig auðvitað fjölskyldu og vina, sérstaklega þegar ég sé myndir af þeim úti að grilla í góðu veðri og ég er labbandi í roki og rigningu hér á meðan,“ segir hún og hlær. „Svo má auðvitað ekki gleyma tékkneska matnum,“ bætir hún við.

Hvaða ráð myndi Barbora gefa fólki sem flytur hingað erlendis frá?

„Ég myndi ráðleggja öllum að byrja á því að fara á íslensku-námskeið og reyna svo að komast inn í einhvern hóp, til dæmis æfingahóp. Ég byrjaði sjálf í æfingahóp í Hressó og fannst það bæði hjálplegt og skemmtilegt,“ segir hún.

„Ég held að lykilatriðið sé að reyna að læra tungumálið, því þá á maður miklu auðveldara með að vera með í félagslífinu og skilja hvað er að gerast í kringum mann. Íslendingar eru mjög duglegir að tala ensku við mann, en það er yfirleitt bara fyrstu fimm mínúturnar, svo skipta þeir yfir í íslensku, og ég skil það vel,“ bætir hún við brosandi.

Framtíðin

Barbora segir þau Gísli ekki útiloka að flytja erlendis kannski seinna meir, eða part úr ári, en eins og staðan er í dag búa þau hér og eru sátt. „Við erum að byggja hús og erum bæði í góðum vinnum svo við erum bara ánægð með lífið eins og það er í dag,“ segir Barbora að lokum.



Barbora Gorová er mikið náttúrubarn og stundar hún mikla útivist.

Rósanna Ingólfssdóttir Welding

Ystiklettur og Urðirnar töfra mig sem listamann

ÁSMUNDUR FRÍÐRIKSSON
ríthöfundur
og fv. alþingismaður

Urðirnar eru ekki árennilegar þegar suðaustanáttin hvín og rífur upp sjóinn á Víkinni svo Ystiklettur hverfur í særokinu. En eins og alltaf þá skellur hann aftur á með blíðu og Kletturinn blasti við af Urðarvegi 39, þar sem Rósanna Ingólfssdóttir Welding bjó á æskuheimili sínu. Ystiklettur var fjallið hennar og Kletts-hellirinn þar sem fyrsta gítar-gripið hljómaði, blasti við úr herbergisglugganum á norðurhliðinni. Hann var óskirt aðdráttarafl lita og dýptar, eins og risastórt pastelverk eða kannski er hann bara 10.000 ára gömul keramikkkúla. Ystiklettur varð alla vega til í þúsund gráðu heitum gosofni undir ísaldarjöklinum og kom í ljós þegar íshettan bráðnaði. Hann hefur verið til staðar, handan við Bakkastíginn og Urðirnar upp á dag frá þeim tíma. Þegar Rósanna yfirgaf Urðavegin í síðasta sinn, í gosinu árið 1973 tók hún með sér litina og Klettinn sem augu hennar höfðu brennt inn í sál hennar. Ystiklettur er ekki fyrir utan gluggann hennar í Kungälv, elsta bænum í Bohuslän. En einstöku litirnir sem hún hafði brennt inn í hugskotssjónir sínar eru í dag



Rósanna á vinnustofu sinni innan um liti og litaspjöld.

afurð listamanns sem fæddist við Urðirnar og Klettinn sem fylgja henni á listagöngunni. Rósanna kennir æskuheimili

sitt við Eiríkskhús, heimili afa hennar og ömmu í næsta húsi og hún minnst æskuáranna með hlýju. Fjölskyldan og fólkið, skátarnir, náttúran og einstakt mannlíf er sá frjósami svörður sem hún spratt úr. Listrænir hæfileikar Rósönnu koma frá afa hennar og mömmu og lögðu grunninn að sjálfstæðum ferli. Rósanna hefur búið erlendis í 50 ár og segir hér lesendum Frétta frá skemmtilegu lífshlaupi og áhugaverðum listamannsferli.

Urðavegurinn í heimi minninga

Við áttum heima á Urðavegi, í næsta húsi fyrir vestan Eiríkskhús sem var hús afa og ömmu og ég kenndi mig alltaf við húsið þeirra. Faðir minn var Ingólfur Eiríksson, sjómaður og fiskverkandi sem dó langt fyrir aldur fram. Afi og amma í föðurætt voru, Eiríkur Ás-

björnsson skipstjóri og Ragnhildur Ólafsdóttir húsmóðir. Móðir mín var Guðrún Elísabet Welding, dóttir Þórunnar Þorsteinsdóttur húsfreyju sem lést þegar mamma var átta ára og Friðriks Péturs Níelssonar Welding, en hann var skósmiður og þótti mjög listrænn eins og skósmíði hans bar vitni um og mamma erfði þá hæfileika frá honum. Hún málaði fallegar myndir, saumaði á okkur fót og þrjónaði í þrjónavél sem var ekki algengt á þeim árum. Þrátt fyrir listræna hæfileika mömmu voru þeir hæfileikar eingöngu nýttir til heimabruks. Listrænir hæfileikar mínir eru því spröttir úr skósmíði afa míns og haglek mömmu. Við systkinin frá Eiríkskhúsi vorum fjögur, Svana Þórunn, d. 2017, hún var gift Kristjáni Sigmundssyni frá Níkhól, Erna er gift Árna Gunnari Gunnarssyni frá Gerði, ég, gift Per Lenander og yngstur Reynir Friðrik.

Það var líflegt umhverfið á Urðaveginum, í næsta húsi fyrir vestan bjuggu Jórunn og Fiddi í Valhöll, en hann var með pabba og afa í fiskverkuninni. Annars hétu flest húsin nöfnum og fólkið var kennt við húsin eins og Hrefna á Hvoli jafnaldra mín, þá Ekra, Húsavík, Bergholt og Hjálmholt sem var ská á móti okkur og þar bjó Bergur gamli og fjölskylda. Þá Skjaldbreið og þar fyrir austan bjó Kiddi slökkviliðsstjóri og var frá Skjaldbreið, þá Tóti meðhjálpari og á móti honum var elliheimilið Skálholt. Allt þetta magnaða umhverfi, hús og lífið sem þarna var svo skemmtilegt er horfið undir ösku og hraun. Það er fjarlægst og einkennilegt að koma heim til Eyja en ekki „heim“ á Urðavegin sem tilheyrir heimi minninga frá Eyjum.

Við vorum líflegur og skemmtilegur hópur sem mynduðum Skátafélagið Faxe, við vorum með aðstöðu á jarðhæð Félagsheimilisins við Heiðarveg og frá því starfi á ég mína bestu vini og rætur sem tengja mig við skátahreyfinguna alla tíð. Þar hljómuðu fyrstu lögin mín á gítar og enn tek ég fram gítarinn og við fjölskyldan syngjum skátalög og gamla slagara frá Eyjum sem alltaf hitta í mark og létta líðandi stund. Ég held góðu sambandi við þessa æskufélaga mína og þau hafa heimsótt mig hingað til Svíþjóðar og vináttan



Nágrennið á Urðaveginum; Eiríkskhús og Skálholt og í fremsta húsinu bjó Kristinn á Skjaldbreið.



Rósanna með fjölskyldu sinni í vetrarstemningu í Kungälv, fv. Richard, Rósanna, Ralph, Iris og Palle maður Rósönnu.

hnýtt með sterkum skátahnútum. Það er kannski hættulegt að nefna nokkra því ég gæti gleymt einhverjum, en Emma frænka, Vigga Rafns, Óli Lár, Bjarni og Auróra, Sigurður Þórarinnsson, Edda Ólafsson og Einar Hallgríms er fólk sem setti og setur enn mikinn svip á allt skátastarf í Eyjum. Ég hugsa að margir sem lesa þetta, sjái í huga sér mynd af þessu fólki með gítar í hönd og syngja saman við raust.

Hryllilega ömurlegt herbergi

En þetta verðmæta samfélag tvístraðist í gosinu og eftir að við mamma og krakkarnir voru kominn í Þorlákshöfn flutti ég 11 sinnum fyrsta árið eftir gos. Ég lauk skólavetrinum 1973 í Hveragerði og bjó þá í Ölfusborgum, fór svo til Grindavíkur og stundaði nám í Fjölbautaskóla Suðurnesja og bjó í Keflavík um tíma. Í Fjölbautaskólanum vildi ég læra þýsku og eðlisfræði, en námið gekk ekki vel. Hugsun og einbeiting var

á öðru en náminu, en fyrir rest kláraði ég eins og til stóð. Ég hef oft hugsað það hvað ég hefði átt að leggja meiri áherslu á eðlisfræðina, en í dag er allt sem ég er að gera í keramikki tengt efna- og eðlisfræði.

Þegar ég var að gefast upp á þessu var ég kominn í kjallarahölu í Reykjavík þar sem ég þurfti að bakka inn í herbergið til þess að loka hurðinni. Það var alveg hryllilega ömurlegt. Þetta var ekki tekið út með sældinni að hafa þurft að yfirgefa öryggið og heimilið á Urðaveginum og eiga aldrei aftur afturkvæmt „heim.“

Ég og Emma frænka fórum til Eyja og unnum í gosinu sumarið 1973 eins og svo margir krakkar úr Eyjum. Það var allt að gerast, stöðugir flutningar og mamma að kynnist norskum manni, Johan Dyrnes og hún flutti með honum frá Grindavík til Noregs árið 1974. Johan lést þar árið 2001 og þá flutti mamma heim til Eyja, á Hraunbúðir og lést þar árið 2006. Mamma tók Reyni með sér til Noregs og þau bjuggu á eyjunni Smöla og eftir allt umrötið heima á Íslandi fluttist ég til þeirra og fór að vinna í risakrabbaverksmiðju á Smöla um sumarið. Ég var ekki

alveg hætt að skipta um umhverfi, fór aftur heim og vann í fiski í Þorlákshöfn og safnaði slatta af peningum og fór þaðan í listnám í Noregi. Ég sótti víða nám en var lengst af í Kristjansund, þar sem ég auðvitað hittí Eyjamenn. Við vorum vinkonur á balli í bænum og heyrum talaða íslensku á næsta borði. Þar voru þá strákarnir af Huginn VE., Palli í Vegg og Helgi Ágústsson, en báturinn var í yfirbyggingu í slippnum. Ég nýtti tækifærið og fékk far með Huginn heim til Eyja og það var ekki létt fyrir mig sjóveika konuna, en Palli í Vegg gaf mér að borða og hélt mér á lífi yfir hafið. Vann um tíma heima og safnaði meiri pening fyrir áframhaldandi námi. Það var næg orka og framtakssemi og þegar ég kom út stofnaði ég með vinkonu minni fyrirtæki á Smöla. Við framleiddum úr keramikki og ég renndi tré, brenndi lunda í leir og ýmislegt annað sem ég gat tekið með mér heim til Íslands og selt þar.

Smöla var eins mikið úr leið og mögulegt var svo þar voru ekki margir ferðamenn á leið um. Eftir nokkurra ára baráttu seldum við fyrirtækið og húsið sem við höfðum keypt undir reksturinn og ég fór af stað með mitt eigið verkstæði.

Þá má kannski segja að ég hafi verið 50 árum á undan áætlun á Smöla, en núna er búið að breyta slippnum og þessu fiskimannahorpi í túristaeyju og íbúarnir komast varla fyrir vegna fjölda ferðamanna sem sækja Smöla heim.

Tilviljanir lífsins

Það er oft röð tilviljana sem breyta lífi manns, en Svana systir mín hafði farið í Lýðháskóla í Kungälv árið 1968 og kynnist þar Lottu Olsson (Lenander). Eftir námið fara þær að vinna saman í sumarþúfum fyrir börn og úr verður mikil vinskapur systur minnar og Lottu. Löngu síðar þegar Svana og Stjáni koma í heimsókn til okkar á Smöla, er ákveðið að keyra á bílnum mínum til Svíþjóðar og heimsækja Lottu. Eftir 12 tíma ferðalag til Kungälv erum við mætt á búgarðinn þar sem Lotta býr á fallegum stað við ströndina. Í grillveislu kvöldið áður en við förum heim segir Lotta okkur frá því að Per bróðir hennar sé að koma heim og verði með okkur. Þarna birtist þessi elska, eins og Grískur guð þar sem hann situr á steini og heillaði mig á staðnum. Ári síðar hafði lífsleiknin og ástin dregið okkur saman og ég flutti frá Smöla til Kungälv og hef búið hér síðan. Við Per Lenander eigum soninn Richard Welding Lenander og minnir mig á að það eru 40 ár frá því að við Per kynntumst og Iris Rósanna Lenander er 36 ára og barnabörnin eru tvö. Við



Ingólfur, faðir Rósönnu um borð í Emmu VE.



Við systkinin frá Eiríkhúsi vorum fjögur, Svana Þórunn, d. 2017, hún var gift Kristjáni Sigmundssyni frá Níkhól, Erna er gift Árna Gunnari Gunnarssyni frá Gerði, ég, gift Per Lenander og yngstur er Reynir Fríðrik.

fjölskyldan lifum og búum hér saman, Iris og hennar fjölskylda hafa flutt sig yfir í íbúðarhúsið okkar en við förum í litla húsið, í takt við breytta tíma og þarfir fjölskyldunnar.

Richard er matreiðslumaður sem sneri sér alfarið í að vinna með okkur Iris í galleríinu þar sem við blöndum og framleiðum liti fyrir keramikmálun. Iris er listhneigð og rennir tré og skapar listmuni úr keramiki, svo málur hún stórkostlegar vatnslitamyndir.

Einstök framleiðsla lita

Ég er með 50 ára reynslu að baki í framleiðslu listmuna, en nú einbeiti ég mér að nýsköpunarstarfi við framleiðslu á litum fyrir keramik, sem ég hef unnið að og hannað á síðustu árum. Ég er minna í því að framleiða listmuni, er með verkefni fyrir fyrirtæki og opinbera aðila og tek þátt í sýningum til að kynna framleiðslu mína í Skandinavíu og víðar um Evrópu. Ég hef á ferli mínum tekið þátt í listsýningum mjög víða á Norðurlöndum, heima í Eyjum og í Reykjavík. Þá vinn ég með efni úr því umhverfi þar sem ég held



Rósanna og Erna systir hennar með Emmu frænku.

sýningar, eins og í Eyjum á 40 ára gosafmælinu. Þá vann ég liti og efni sem tengdust Ýstakletti og Urðunum, umhverfinu sem hefur haft áhrif á mig og ég þekkti. Ég hef kennt og haldið námskeið, var meira að segja fyrir margt löngu með á leikjanámskeiði í Þorlákshöfn og við sýndum afraksturinn í Bókasafninu þar.

Framleiðsla litanna byrjaði það með því að það vantaði liti á námskeið sem ég var að halda og nemandinn og listamaðurinn vissi aldrei nákvæmlega hvernig hlutirnir litu út eftir brennsluna. En þeir litir sem ég hef hannað og framleiði hér á verkstæðinu okkar er hægt að mála beint á leirinn áður en hann er brenndur. Og eftir brennsluna lítur hluturinn út eins og ætlast var til. Það var síðan kona sem kveikti þá hugmynd hjá mér að líklega væri ég með einstaka söluvöru í höndunum og nú geri ég lítið annað en að framleiða liti, brenna efni og pakka fyrir viðskiptavinum okkar.

Framleiðslan er algjört frumkvöðulsstarf mitt og litahringurinn sem við erum með og framleiðum hefur ekki áður verið til fyrir keramik. Rauða litinn var svo erfitt að fá vegna eittraðra efna, en nú er hægt að kaupa rauðan lit hjá okkur og smelda hann saman við aðra liti. Við brennum alla liti og prufur og liturinn blæðir ekki þannig að listamaðurinn getur málað litina á leirinn og brennt með góðum árangri. Með því að hafa fjóra grunnlitina, rauðan, gulan, bláan og grænan getur þú blandað alla aðra liti í hringnum, sem var ekki hægt áður. Ég framleiði fljótandi liti, vatnsliti, tvennskonaþrykkilíti á leir og duftliti sem hægt er að kaupa hjá okkur og listamenn geta blandað sjálfir sína liti. Litirnir eru framleiddir í stórum skala, blandaðir í steypuhrærivél, brenndir og pakkaðir í pakkningar fyrir stóra sem smáa viðskiptavinum. Það er enginn annar en við að gera þetta í Evrópu, en eitt fyrir tæki sem er

á svipuðum nótum með vatnsliti í Bandaríkjunum. Við seljum okkar framleiðslu í Evrópu, hér inn-lands, til Danmerkur, Noregs, Finnlands og örlítið til Dubai sem er skemmtilegt. Við erum með net viðskiptavina sem Richard sinnir og við blöndum fyrir fyrirtæki þá liti sem fellur að þeirra ásýnd og vörumerkjum. Við fáum óskir um sérstaka liti og þá höfum við tæki og app sem mælir litinn og gefur okkur upp blönduna og númer á litinn. Fyrirtæki sem vinnur með flísar og vill fá „eggjaskurnalit“ frá okkur, þarf að ganga að því sem vísu að fá alltaf sama litinn. Þá þarf maður að vita hvað maður er að gera og sama gildir með fyrirtæki sem notar litina okkar með innréttingum og umhverfi þeirra og hluti sem falla að litavalinu, verður að geta treyst á rétta liti.

Fegurðin í þessu birtist í afrakstrinum og að vita hvað maður er að gera og sterkur þáttur Richards sem er góður söluumaður að koma vörunni á markað.

Heimahagarnir veita innblástur

Eftir langan feril er ég hætt að taka þátt í sýningum þrátt fyrir að það blundi í mér enn að skoða það frekar. Ég er í góðri æfingu og renni og brenni öll okkar sýnishorn sem við förum með á sýningar um allar trissur. Í Svíþjóð er góður stuðningur við nýsköpun sem við nýtum okkur, við erum nýsköpunarfyrirtæki sem hefur farið nýjar leiðir sem vaxandi fjöldi listamanna og áhugafólks nýtir sér.

Það eru margar skemmtilegar minningar til um ferðalög okkar á sýningar um allt land og til nágrannalandanna. Við höfum ferðast á fólksbíl með toppgrind hlaðna vörum og viðlegubúnaður og ekki var nú alltaf mulið undir mann á þeim ferðalögum. Í Stokkhólmi gistum við í kjallarahölu og þar var unnið í öllum hornum. Við sváfum í svefnpokum á gólfinu og þarna var mikið drasl, brauð á borðum, ryk og sérstök lykt. Um nóttina heyrðist mikið skríkj og um morguninn var brauðpokinn kominn undir skáp og rotturarnar búnar að naga allt brauðið.

Það þarf að hafa vilja við misferðir aðstæður til að halda áfram, eins og heima í Eyjum í gamla daga þá þurfti úthald til að klára eina vorvertíð.

Við fjölskyldan í Kungälv höldum vel í Eyjatenginguna, ræktum fjölskylduna og vini og tökum upp gítarinn og gerum okkur glaðan dag að hætti Eyjamanna. Það er áriðandi þegar við búum fjarri heimahögunum, en ég hef búið lengur erlendis en heima. Ég er enn minnt á og heyrir að það sjáist í listsköpun minni að ég sé frá Íslandi. Ég er stolt af uppruna mínum, að vera Eyjapæja og skáti og ég held í þá þræði og við fjölskyldan öll.




Veggmynd eftir Rósönnu, úr leir.



Með skátafélögum sínum á Breiðabakka þegar markmiðið var, Lifi frjálsar Eyjarnar.

HAMINGJUÓSKIR TIL LAXEYJAR MEÐ ÁFANGANN



GYLFAFLÖT 32, 112 REYKJAVÍK // SÍMI: 580 8200 // VELFANG@VELFANG.IS

HS Vélaverk ehf. fagnar tíu ára afmæli

Næg stór og skemmtileg verkefni í bígerð

≡ Starfsmenn eru sjö ≡ Með 21 tæki af öllum stærðum

ÓMAR GARDARSSON
omar@eyjafrettir.is

HS Vélaverk ehf. vélavertakari er í eigu Hafþórs Snorrasonar og Hermanns Sigurgeirssonar. Fyrirtækið fagnaði tíu ára afmæli þann fyrsta þessa mánaðar. Umfangið hefur aukist á þessum tíu árum og hefur verið nóg að gera. Starfsmenn eru sjö og hafa þeir yfir að ráða 21 tæki af öllum stærðum. Þeir hafa komið að nokkrum stærstu verkefnum í Vestmannaeyjum á síðustu árum og nokkur spennandi eru framundan. Blaðamaður leit við í höfuðstöðvum fyrirtækisins við Garðaveg þar sem allir voru mættir í kaffi. Allir í vinnugalla, eigendur og starfsmenn. Bera með sér að kalla ekki allt ömmu sína og Guðjón Borgar fyrrum gröfukarl mættur til að taka þátt í spjallinu.

Árið 2005 hóf Íslenska gámafélagið starfsemi í Vestmannaeyjum. Sinni sorphirðu og keypti um leið Gröfubjónustu Einars og Guðjóns og Gámaþjónustuna og sameinuðust Íslenska gámafélaginu. Hermann fylgdi með Gröfubjónustunni og Hafþór byrjaði 2006. Þeir bjuggu því að mikilli reynslu þegar þeir ákveða að kaupa gröfudeildina út úr Íslenska gámafélaginu. Félagið ákvað að leggja af gröfubjónustuna sem Hafþór og Hermann keyptu.

„Við stofnuðum okkar fyrirtæki, HS Vélaverk þann 1. október 2015 þegar þeir ákváðu að hætta í gröfubransanum. Þjóða okkur að kaupa tækin sem við gerðum vitandi að framundan væru stór verkefni,“ segir Hermann og í kaupunum fylgdu átta tæki.

Þeir félagar vissu því að hverju þeir gengu þegar þeir hófu rekstur. „Við vorum tveir fyrsta hálfra mánuðinn og unnum langt fram á kvöld alla daga. Sáum að það gekk ekki og fljótlega réðum við einn og eftir mánuð vorum við orðnir fjórir,“ segir Hafþór



Eigendur og starfsmenn. F.v. Hermann, Hafþór, Sindri, Einar, Gylfi og Birkir.

og reksturinn hefur vaxið og dafnað. „Í dag erum við sjö sem vinnum hérna, með 21 tæki og af því eru fjórir vörubílar. Þetta eru hjólagröfur, beltagröfur, traktorsgrafa og fjórar minni vélar. Vélar af öllum gerðum nema jarðýtur.“

Af nægu að taka

Þeir hafa komið að mörgum verkefnum á þessum tíu árum og það stærsta segja þeir vera jarðvinnu fyrir Seiðaðisstöð Laxeyjar við Friðarhöfn. „Við sáum líka um gróft í kringum allt lagnaverk fyrir Sjóvarmaveituna sem var mikið og flókið verk. Laxey er mikill fengur fyrir allt atvinnulíf í Vestmannaeyjum og við njótum þess. Er Laxey okkar stærsti viðskiptavinur í dag. Við erum líka í gátnagerð á Hvítungaveginum og vinnum mikið fyrir HS Veitur og HS Orku. Sjáum um flest alla jarðvinnu fyrir HS Veitur í Vestmannaeyjum og Mílu,“ segir Hermann.

Ekki má gleyma einstaklingum

en þjónusta við þá er mikilvægur hlekkur í starfsemiinni. „Það eru húsgrunnar og annað sem tengist byggingaframkvæmdum. Gott dæmi um það eru fjölbýlishúsin tvö við Sólhlíð sem Sigurjón Ingvars er að byggja. Það var mikið verk að grafa grunninn því stutt var niður á fast. Þarna undir er bílakjallari og þeir voru margir rúmmetrarnir af grjóti sem þar komu upp. Það var flutt austur á Nýjahraun og verður nýtt í framtíðinni. Næst er það grunnur undir aðra þverblokk í Áshamri sem kemur framan við þá gömlu, norðan megin. Þar verður bíla-kjallari sem er orðin krafa úti á landi,“ segir Hafþór.

Af þessari upptalningu má sjá að næg eru verkefni, svo eru stór og skemmtileg verk í bígerð,“ segir Hermann. Þeir segja ekki mikið um útboð í jarðvinnu í Vestmannaeyjum. „Það er helst hjá Vestmannaeyja-bæ sem verður að bjóða út verk lögum samkvæmt. Líka hafa HS

Veitur boðið út stærri verkefni,“ segir Hafþór.

Hafa áunnið sér traust í gegnum árin

HS Vélaverk hefur áunnið sér traust í gegnum árin og þeir hafa í þrjú ár verið ofarlega á lista Credit Info yfir framúrskarandi fyrirtæki. „Við skoruðum mjög hátt og erum stoltir af viðurkenningunni og viðurkenningin er mjög mikilvæg fyrir okkur. Hún hefur ekki mikið að segja í Vestmannaeyjum þar sem allir þekkja okkur og vita fyrir hvað við stöndum. Þetta gæti komið okkur til góða ef við þyrftum að leita að verkefnum uppi á landi. Sem betur fer er það ekki í auglýsni.“

Árið 2024 stofnuðum þeir ásamt DVG steypustöðina Steypey og eru búnir að vinna mikið af efni fyrir þá. Hjá Steypey eru tveir starfsmenn. Svo eru þeir að stofna Efnisvinnslu Vestmannaeyja ásamt þremur öðrum fyrirtækjum til að framleiða og selja jarðefni.

SAFNAHELGIN

30. OKT.- 2. NÓV. 2025

FIMMTUDAGUR 30. OKT.

13:30 SAFNAHÚS: LJÓSMYNDADAGUR

Elstu myndir af Vestmannaeyjum, frá 19. öld og nýlega afhend mannamyndasöfn frá 20. öld dregin fram.

17:00 EINARSSTOFA: OPNUN

Á LJÓSMYNDASÝNINGU ÓSKARS PÉTURS.

Fáir eru þeir viðburðirnir í Vestmannaeyjum á síðustu árum og áratugum sem Óskar Pétur hefur ekki fest á filmu. Úrval mynda hans hefur nú verið gefið út í upplagðri gjafabók, Westman Islands.

18:00 STAFKIRKJA: SETNING.

Sr. Guðmundur Örn Jónsson og Kristín Jóhannsdóttir. Tónlistaratriði flytja Júlíanna S. Andersen og Kitty Kovács.



20:00 HÖLLIN: ÉG SKAL SYNGJA FYRIR ÞIG.

Einar Ágúst færir okkur margar af þekktustu perlum Íslandssögunnar er hann syngur ljóð Jónasar Friðriks við undirleik Gosanna.

FÖSTUDAGUR 31. OKT.

18:00-20:00 BÓKASAFN: GRIKK EÐA GOTT.

Í tilefni af Hrekkjavöku verður Bókasafnið opið til kl 20:00 og boðið upp á Grikk eða gott. Bókasafnið er skreytt í anda Hrekkjavökkunnar og tilvalið að koma og skoða herlegheitin.



20:30 ELDHEIMAR: PÁLMI OG STEFÁNÍA.


Pálmi Sigurhjártarson píanóleikari og Stefánía Svavarsdóttir söngkona hafa á undanförunum árum sem dúó leikið og sungið sig inn í hjörtu þjóðarinnar með þekkingu sinni og túlkun í hæsta gæðaflokki.



LAUGARDAGUR 1. NÓV.

11:00 BÓKASAFN: EMBLA BACKMANN.

Embla er orðin einn ástælasti barnabókahöfundur landsins þrátt fyrir ungan aldur. Nú er hún mætt með Paradísareyjuna, spennusögu um dularfulla eyju og enn dularfyllri íbúa hennar og dónalega gesti. Bókin verður til sölu á staðnum.



14:00 SAGNHEIMAR: KONUNGLEGT TEBOD.

Guðný Ósk Laxdal heldur erindi um dönsku konungsfjölskylduna en Guðný Ósk heldur úti vinsæla Instagram reikningnum Royal Icelander þar sem hún deilir alls konar fréttum og fróðleik úr heimi kóngafólksins.

SUNNUDAGUR 2. NÓV.

KL. 13:00 SAGNHEIMAR: BÓKAKYNNING.

Að þessu sinni koma tvær konur og kynnar bækur sínar. Önnur er knattspyrnu-drottningin Margrét Lára Viðarsdóttir með knattspyrnuævisögu sína, Ástríða fyrir leiknum. Hin er Eliza Reid, fyrrverandi forsetafrú og nú slunginn spennusagnahöfundur, sem í nýrri bók sinni bregður upp listilegri fléttu af afleiðingum þess að verða veðurtepptur í Vestmannaeyjum. Báðar bækurnar verða til sölu á staðnum.



Vélafl ehf

Rauðhelli 11

221 Hafnarfirði

Sími: 575-2400

velafl@velafl.is

Tveggja áratuga reynsla og jarðbundin hugsun

**TRYGGVI MÁR
SÆMUNDSSON**
tryggvi@eyjafrettir.is

Brinks hefur verið fastur punktur í jarðvegsvinnu í Vestmannaeyjum í nær tvo áratugi. Við ræddum við Símon Þór Eðvarðsson, framkvæmdastjóra fyrirtækisins, um upphafið, áskoranirnar og framtíðina – og hvað það er sem heldur honum við efnið dag eftir dag.

Frá einni gröfu í innkeyrslunni að öflugum rekstri

„Ég fékk mjög ungur bakteríuna fyrir þessum bransa,“ segir Símon Þór Eðvarðsson og brosir. Brinks var stofnað árið 2005, þegar Símon og eiginkona hans, Ella Sigga Björnsdóttir sáu tækifæri á markaðnum eftir að tvö eldri jarðvinnufyrirtæki höfðu sameinast.

„Við keyptum eina gröfu sem stóð í innkeyrslunni hjá okkur fyrstu vikurnar,“ rifjar hann upp.

Símon þakkar Þórði á Skansinum mikið fyrir hvatningu og leiðsögn á fyrstu stigum rekstursins, þar hafi grunnurinn verið lagður. Starfsemin fór rólega af stað en tók við sér með árunum. „Ég var einn fyrstu mánuðina, en vorið 2006 kom Pálmi Guðmunds til liðs við mig og við vorum tveir fyrstu árin.“



Starfsmenn Brinks, Brynjar Halldór Jóhannesson, Hörður Þór Harðarson ásamt Símoni Þór.

Í dag starfa fjórir til fimm hjá Brinks, og tækjakosturinn hefur stækkað verulega, fjórir vörubílar, fjórar gröfur af mismunandi stærðum og fjölbreyttur búnaður. Fyrirtækið sinnir öllum almennum jarðvinnufræðum, múrbroti og niðurrifi, bæði stórum og smáum verkefnum.

„Við höfum tekið þátt í mörgum stórum verkefnum fyrir sjávarútvegsfyrirtæki og sveitarfélög, svo sem Eldheimum, nýju hrognahúsi Ísfélagsins, uppbyggingu Vinnslustöðvarinnar og varmadælustöð HS Veitna,“ segir Símon.

Eyjarnar bjóða bæði tækifæri og áskoranir

Að reka gröfupjónustu á eyju með afmörkuðum markaði hefur sína sérstöðu. „Ég held að það sé mikill kostur að vera í Eyjum. Við komumst tiltölulega vel í gegnum hrúnið 2008, því atvinnulífið hér hélt betur velli,“ segir Símon.

Hann bendir þó á að fjarlægðin við þjónustuaðila á fastalandinu geti verið áskorun. „Það er bæði tímafrekt og kostnaðarsamt að

koma tækjum fram og til baka vegna viðgerða.“

Þrátt fyrir það hefur eftirspurn verið stöðug og samkeppnin hófleg, sem hefur skapað traustan rekstrargrundvöll.

Tækni, öryggi og gott starfsfólk lykillinn að árangri

Brinks hefur lagt áherslu á að fylgja tækniþróuninni. „Við endurnýjum tækjakost reglulega og þá fylgja nýjar tölvu- og GPS-uppfærslur sem gera okkur kleift að vinna nákvæmar,“ útskýrir Símon.

Hann segir fyrirtækið einnig leggja mikla áherslu á öryggismál og fagmennsku í öllum verkefnum. „Við höfum verið einstaklega heppin með starfsfólki. Svona rekstur gengur ekki upp nema allir leggi sitt af mörkum.“

„Við ætlum að halda áfram á sömu braut, með sama dampi og sömu gæðum.“

Hann horfir bjartsýnn til framtíðar og útilokar ekki nýjar áskoranir. „Við erum alltaf með puttann á púlsinum og tilbúin að bregðast við nýjum tækifærum.“

Brinks hefur nú þegar byggt upp meira en 20 ára reynslu í bransanum, og Símon segir lærdóminn aldrei hætta. „Það er alltaf eitt-hvað nýtt að læra – enginn dagur er eins.“

Ástríða frá barnsaldri og gleði í sandkassanum

Símon hefur verið heillaður af vinnuvélum frá barnsaldri. Hann fékk vinnuvélaréttindi árið 1988 og meirapróf 1991. „Ég byrjaði að vinna með Þórði sumarið 1994 og þegar tækifærið gafst 2005 stökk ég á það.“

Þegar hann er spurður um ráð til ungs fólks í greininni segir hann: „Hafðu bókhaldið á hreinu, byrjaðu smátt og lærðu fagið. Byggðu upp tengsl og haltu fagmennsku í fyrirrúmi.“

Ög minnisstæðustu stundirnar? „Það var þegar ég setti í sundur vatnslögn tvisvar á gamla Fiskidjureitnum – þá varð þessi glæsilegi gosbrunnur sem vakti mikla lukku!“

Símon brosir. „Maður vex aldrei upp úr sandkassaleiknum og ég hef enn jafn gaman í vinnunni.“



Minjastofnun Íslands

auglýsir eftir umsóknum um styrki úr
húsafríðunarsjóði
fyrir árið 2026

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja, sbr. reglur um úthlutun úr húsafríðunarsjóði nr. 577/2016. Veittir verða styrkir úr sjóðnum til:

- viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum, ásamt öðrum húsum og mannvirkjum, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.
- byggingarsögulegra rannsókna, þar með talið skráningu húsa og mannvirkja, og miðlun upplýsinga um íslenskan byggingararf.
- sveitarfélaga til að vinna tillögur að verndarsvæði í byggð, í samræmi við ákvæði laga nr. 87/2015 og reglugerðar nr. 575/2016.

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu viðunandi af hendi leyst, og í samræmi við innsend umsóknargögn.

Umsóknareyðublaðið er fyllt út rafrænt og má finna á vef Minjastofnunar Íslands www.minjastofnun.is, - Sjóðir & nefndir - Umsóknir í húsafríðunarsjóð. Þar er einnig að finna leiðbeiningar við gerð umsókna. Fyrirspurnir sendist á netfangið: husafridunarsjodur@minjastofnun.is, eða hringið í síma 570-1307.

Umsóknarfrestur er til miðnætts mánudaginn 1. desember 2025.



Minjastofnun
Íslands

Suðurgötu 39, 101 Reykjavík

Sími: 570 1300

www.minjastofnun.is



AÐSTOÐARMAÐUR TANNLÆKNA

Hlýja tannlæknastofa í Vestmannaeyjum óskar eftir tanntækni eða aðstoðarmanni tannlækna. Um er að ræða tímabundið starf til 1 árs og er vinnutími 10:00-16:00 fjóra daga vikunnar (mánudaga til fimmtudaga). Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Í boði er fjölbreytt starf í jákvæðu umhverfi. Við hvetjum konur jafnt sem karla að sækja um starfið. **Umsóknarfrestur er til og með 10. nóvember 2025.**

Helstu verkefni og ábyrgð

Móttaka og samskipti við viðskiptavinum
Aðstoða tannlækna fjórhent við stól
Sóttthreinsun og þríf á áhöldum og búnaði
Röntgenmyndatökur
Önnur tilfallandi störf

Menntunar- og hæfniskröfur

Tanntækni- eða heilbrigðismenntun eða reynsla af vinnu á tannlæknastofu er kostur
Góð íslenskukunnátta
Hæfni til að tileinka sér nýja þekkingu fljótt og vel
Rík þjónustulund
Frumkvæði og faglegur metnaður
Góð hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir Þórunn Ragnarsdóttir framkvæmdastjóri á netfanginu thorunn@hlyja.is. Áhugasamir sendi umsókn og ferilskrá á sama netfang.



INNILEGAR
HAMINGJUÓSKIR
og takk fyrir frábært samstarf.
Hlökkum til áframhaldandi samstarfs

MIÐSTÖÐIN

Til hamingju

Óskum Laxey innilega til hamingju með áfangann. Hlökkum til samstarfsins í vetur.

Starfsfólk Vöruhússins



VORUHUSIDRESTAURANT.IS // 583 1500
SKÓLAVEGUR 1 // 900 VESTMANNAEYJABÆR

Vélfang ≡ Umboð fyrir JCB og fleiri öflug merki

Afl, áreiðanleiki, nýsköpun og þjónusta til framtíðar

ÓMAR GARDARSSON
omar@eyjafrettir.is

Vélfang ehf. hefur verið umboðsmaður JCB á Íslandi frá 2009 og býður í dag fjölbreyttara úrval vinnuvéla en nokkru sinni. JCB framleiðir yfir 300 tegundir vinnuvéla, allt frá minnstu minigröfum til öflugustu dráttarvéla. Það sem sameinar vélarnar er áherslan á tækninýjungar, sparneytni og þægindi fyrir notandann.

„Vestmanneyingar hafa frá byrjun verið meðal okkar bestu viðskiptavina og er gaman fyrir okkur að vera þátttakendur í þeirri miklu uppbyggingu sem verið hefur hjá ykkur undanfarin ár. Það er ekkert lát á framkvæmdum,“ segir Eyjólfur Pétur Pálmason forstjóri Vélfangs.

Þegar breska stórfyrirtækið JCB var stofnað árið 1945 var fátítt sem benti til að það yrði síðar eitt þekktasta merki heims í vinnuvélum. Í dag eru vélar JCB notaðar í öllum heimsálfum og á Íslandi hefur Vélfang ehf. séð um sölu, þjónustu og varahluti í 16 ár.

Heimspæktar traktorsgröfur

Traktorsgröfur JCB eru heimspæktar fyrir styrk og endingu. Nýjustu kynslóðirnar bjóða upp á snertiskjá, sjálfvirka stillingar og þægileg stýrishús. Allar vélarnar nota Stage V umhverfisvænar dísilvélar sem draga úr eldsneytisnotkun og mengun. Í boði eru m.a. gerðirnar 3CX, 4CX og 5CXS, sem henta jafnt verktökum, sveitarfélögum og bændum.

Beltagröfur JCB eru í stærðum 12 til 40 tonn og eru hannaðar með hámarksþægindi í huga. Þær eru hljóðlátar, sparneytnar og auðveldar í stjórnun. Í hjólagröfum vekur JCB Hydradig mikla athygli. Þar er mótórin í undirvagni, sem tryggir stöðugleika, lágan þyngdarpunkt og óviðjafnanlega yfirsýn allan hringinn. Með fjórhjólastýringu og 40 km aksturshraða setur hún ný viðmið í sínum flokki.

JCB hefur þróað nýja línu af minni gröfum, frá 1 upp í 11 tonn með rúmgóðum stjórnhúsum



Traktorsgröfur JCB eru heimspæktar fyrir styrk og endingu.

og einföldu þjónustuaðgengi. Fyrirtækið er einnig leiðandi í þróun rafmagnsvéla og framleiðir nú 19C-1 ETEC, rafknúna gröfu sem er hljóðlát, losunarlaus og fullkomin fyrir vinnu í þéttbýli eða innanhúss.

Brautryðjendur síðan 1977

Fyrsti skotbómulyftari JCB leit dagsins ljós árið 1977 og síðan hefur fyrirtækið verið leiðandi á sviði lyftutækni. Lyftaramir bjóða upp á háþróað vökvakerfi, „Regenerating“ sem eykur vinnuhraða án aukinnar eldsneytisnotkunar. Lyftigeta er frá 1,6 tonnum upp í 6 tonn. Fyrir þá sem vilja vistvæna lausn er í boði 525-60 ETEC, fullkomlega rafknúinn lyftari.

Einnig er framleiddur heilsnúningulyftari, 555-210, sem sameinar kraft og nákvæmni.

Dráttarvélar JCB Fastrac eru í sérflokki þegar kemur að akstursþægindum. Þær eru alfjaðrandi, með sjálfvirkum hæðarjafnara og geta náð meiri hraða en

hefðbundnar dráttarvélar. Tvær meginlínur eru í boði – 4000 og 8000 – með vélarafli frá 190 upp í 340 hestöfl. Húsið er rúmgott með tveimur fyrsta flokks sætum, og stjórnbúnaðurinn er hannaður til að tryggja hámarksafköst og öryggi.

Heildarlausnir og þjónusta


„Vélfang býður ekki aðeins upp á vélar frá JCB, heldur einnig heildarlausnir í aukahlutum og fylgihlutum, skóflur, fleyga, sópa, jarðvegsþjöppur, vatnsdælur og kjarnabora. Allt frá sama framleiðanda. Fyrirtækið leggur sérstaka áherslu á öfluga þjónustu og varahlutakerfi þar sem íslensk reynsla og bresk gæði mætast. JCB vélar hafa sannað sig við íslenskar aðstæður og er góður kostur fyrir þá sem vilja áreiðanleika, sparneytni og nýjustu tækni – í einum pakka,“ segir Eyjólfur Pétur.

Fleiri sterk merki eru í boði hjá Vélfangi, fjölbreytt úrval tækja frá heimspæktum framleiðendum.

- **Fendt** – dráttarvélar í hæsta gæðaflokki með frábærri sparneytni og afli.
- **CLAAS** – leiðandi í kornþreskivélum, múgsöxurum og heyyvinnutækjum.
- **Kverneland** – plógar og jarðvinnslutæki sem hafa sannað sig á Íslandi.
- **Kuhn** – 175 ára reynsla í hönnun og framleiðslu landbúnaðartækja.
- **Schäffer** – liðléttingar og hjólaskóflur sem henta íslenskum aðstæðum.
- **SlurryKat** – háþróað kerfi fyrir dreifingu og dælingu lífræns áburðar.
- **Redrock** – vagnar og haugsugur í þekktum gæðum frá Norður-Írlandi.
- **Trima** – ámoksturstæki og aukahlutir fyrir CLAAS og Fendt dráttarvélar.

Með þessum öflugu vörumerkjum býður Vélfang heildarlausnir fyrir íslenskan landbúnað og verktaka – allt á einum stað.

**Til hamingju
með áfangann!**



**Við sendum hamingjuóskir til vina okkar
í Laxey á þessum spennandi tímamótum**



HÉÐINN



Eyjamaðurinn Hjálmar Helgason einn eiganda Vélafls og Hildur Gylfadóttir framkvæmdastjóri.

Vélafl ≡ Eyjamaðurinn Hjálmar Helga einn eigenda Traustur samstarfsaðili í heimi vinnuvéla í meira en aldarfjórðung

Vélafl hefur í rúmlega aldarfjórðung verið eitt af leiðandi fyrirtækjum á Íslandi í innflutningi, sölu og þjónustu við vinnuvélar. Fyrirtækið var stofnað árið 1998 og hefur frá upphafi byggt starfsemi sína á fagmennsku, áreiðanleika og nánu samstarfi við viðskiptavininn. Í dag er Vélafl umboðsaðili fyrir fjölda heimsþekktara framleiðenda vinnuvéla og tækja, sem tryggir íslenskum fyrirtækjum aðgang að einna bestu tækjum sem völ er á á markaðnum.

Höfuðstöðvar Vélafls eru við Rauðhelli 11 í Hafnarfirði. Þar er að finna söluskrifstofur, varahlutaverslun og fullbúið þjónustuverkstæði þar sem sérfræðingar fyrirtækisins annast viðhald og viðgerðir á fjölbreyttum vélum. Með rúmlega tuttugu starfsmenn leggur Vélafl áherslu á persónulega þjónustu og faglega ráðgjöf,

hvort sem um er að ræða kaup, leigu eða viðhald á vinnuvélum.

Vélafl býður upp á víðtækt úrval tækja frá fremstu framleiðendum heims. Þar má meðal annars nefna gröfur frá Hitachi og Hyundai, brjóta og mölunarsamstæður frá Metso, fleyga og borvagna frá Furukawa, auk þjappna og valtare frá Bomag. Þá býður fyrirtækið upp á gáma og vélaflæti frá Birger. Með þessu fjölbreytta úrvali getur Vélafl mætt ólíkum þörfum viðskiptavina, hvort sem um er að ræða stóra verktaka, sveitarfélög eða minni rekstraraðila.

Viðskiptavinahópur Vélafls spannar allt frá einyrkjum til stærstu verktakafyrirtækja landsins. Fyrirtækið leggur áherslu á að veita sveigjanlegar lausnir sem henta ólíkum verkefnum og fjárhagsáætlunum. Þar má sérstaklega nefna leigu til kaups á Hitachi vinnuvélum, sem hefur verið

vinsælt frá því að það var kynnt til sögunnar árið 2021. Þetta fyrirkomulag gerir viðskiptavinum kleift að taka vél á leigu í að lágmarki eitt ár, þar sem hluti leiguverðsins gengur upp í kaup á vélinni að leigutíma loknum, ef ákveðið er að festa kaup. Þannig geta viðskiptavinir prófað vélina í rekstri áður en endanleg ákvörðun er tekin – hagkvæmt, öruggt og sveigjanlegt kerfi.

Góð tengsl við Eyjar

Vélafl hefur ávallt lagt mikla áherslu á tengslanet sitt um land allt og er með sterka stöðu í viðskiptum við fyrirtæki víða á landinu. Sérstaklega má nefna góð tengsl við Vestmannaeyjar, en annar eigandi fyrirtækisins, Hjálmar Kristinn Helgason, er upprunninn þaðan. Vélafl hefur átt í farsælu samstarfi við fjölmörg Eyjafyrirtæki í gegnum tíðina.

Þar má nefna afhendingu á Metso LT200 kónbrjóti til Steypeyjar í lok síðasta árs, viðskipti við Gröfubjónustu Brinks sem notar meðal annars Hitachi vélar, og fyrirtækið Þjótandi, sem hefur nýtt vélar frá Vélafl við fiskeldisframkvæmdir.

Systurfélag Vélafls, Atvinnutæki, starfar einnig á sviði vinnuvéla en sérhæfir sig í leigu. Atvinnutæki býður bæði upp á skammtíma- og langtímaleigu, sem gerir fyrirtækjum kleift að nýta nútímaleg tæki án þess að skuldbinda sig til langtímaкупа.

Í meira en 25 ár hefur Vélafl sannað sig sem traustur samstarfsaðili í íslenskum atvinnurekstri. Með reynslu, fagmennsku og góðar lausnir í fararbroddi heldur fyrirtækið áfram að efla íslenskan vinnuvélamarkað og þjónusta viðskiptavininn sína með sömu elju og trygð og frá fyrsta degi.

Í þremur liðum á einu ári

Eyjamaðurinn Tómas Bent Magnússon gekk nýverið til liðs við Hearts í skosku úrvalsdeildinni. Tómas, sem er 23 ára gamall er uppalinn hjá ÍBV, lék með félaginu við góðan orðstír og var lykilmaður áður en hann samdi við Val eftir síðasta tímabil. Hann á að baki 81 leik og 8 mörk í tveimur efstu deildunum hér á landi. Tómas samdi við Val til þriggja ára og lék hann vel á miðjunni í liði Vals í sumar. Þeir voru efstir í deildinni og komnir í úrslit í bikarnum þegar Tómas varr keyptur óvænt til Hearts í byrjun ágúst.

Hearts er sem stendur á toppnum í skosku úrvalsdeildinni eftir níu umferðir og hafa þeir ekki tapað leik á leiktíðinni, unnið átta leiki og gert eitt jafntefli. Tómas hefur komið við sögu í síðustu sex deildarleikjum liðsins ásamt því að byrja einn leik í deildarbikarnum. Við heyrðum í Tómasi og spurðum hann út í skiptin yfir til Hearts og lífið í nýju landi.

Viðburðaríkt ár

Aðspurður um hvernig það hafi komið til að hann samdi við Hearts segir hann „Ég hafði enga hugmynd um að Hearts hefði áhuga á að kaupa mig. Valur lét mig vita af tilboðinu og ég talaði við umboðsmanninn minn og þá höfðu þeir nú þegar verið að fylgjast með mér og vildu reyna



Tómas og kærastan hans, Selma Helgadóttir hafa komið sér vel fyrir í Skotlandi.

að fá mig. Valur og Hearts náðu svo samkomulagi sín á milli og ég hafði þá rætt við Hearts. Eftir það fannst mér ekkert annað í stöðunni en að kýla á þetta”. Félagsskiptin áttu sér alls ekki langan aðdraganda en Tómas hafði heyrt af áhuga Hearts á föstudegi eftir að Valsmenn spiluðu erlendis í Evrópukeppninni. Á

miðvikudeginum í vikunni á eftir var hann floginn út til Skotlands í lækniðsskoðun og skrifaði undir á sama tíma.

Það má segja að þetta hafi verið ansi viðburðaríkt ár hjá Tómasi þar sem hann hefur verið í þremur liðum á einu ári og talar hann um að stökkið úr Bestu deildinni yfir í skosku úrvalsdeildina sé svo-

lítið stórt stökk og mikill munur er á deildunum. Hann segir að fótboltinn sé töluvert hraðari og meira „physical“ en hér heima, en á endanum er þetta bara fótbolti í lok dags. Tómas segist ánægður með að tækifæri hafi gefist á að gerast atvinnumaður og það hafi alltaf verið draumur hjá honum að spila fótbolta erlendis. Hann segir að hingað til sé þetta búið að vera mjög skemmtilegt en á sama tíma krefjandi. Svo er auðvitað frábært að fá tækifæri til að starfa við það sem manni finnst skemmtilegast að gera. Tómas hefur komið við sögu í fimm leikjum í deildinni á þessari leiktíð en hvað framtíð hans hjá Hearts varðar eru markmið hans hjá félaginu skýr og það er koma sér inn í byrjunarliðið og spila meira og í framtíðinni að ná eins langt og hann getur.

Lífið í nýju landi

En hvernig er típískur dagur hjá Tómasi í atvinnumennskunni? „Það er “rise” klukkan 08:00 og ég er mættur á æfingasvæðið í morgunmat klukkan 08:45. Eftir morgunmat er að gera sig kláran í ræktina fyrir æfingu sem byrjar kl. 10:30. Eftir æfingu er hádegismatur hjá liðinu og svo aftur ræktin kl. 13:00. Eftir það er bara beint heim að læra og taka því rólega þar til næsti dagur tekur við”. Tómas stundar nám í tölvunarfræði við Hálskólann í Reykjavík meðfram atvinnumennskunni.

Tómas og kærastan hans Selma Helgadóttir hafa komið sér vel fyrir í Skotlandi. Þeim hefur gengið þokkalega að aðlagast lífinu í nýju landi og allt hefur gengið vel þrátt fyrir að þau hafi þurft að flytja í þrjár íbúðir á þremur mánuðum. Fyrstu vikurnar hjá þeim hafa verið góðar þar sem þau hafa bæði kynnst skemmtilegu fólki og umhverfinu. Einnig má koma því að breytingar hjá parinu eru í vændum því hann og Selma eiga von á sínu fyrsta barni á næsta ári.

Að lokum báðum við Tómas að gefa ráð til yngri iðkenda sem vilja gera sitt allra besta og jafnvel láta drauminn um atvinnu-mennsku verða að veruleika. Hann segir að mikilvægt sé að mæta alltaf og gefa sig allan í allt saman, alveg sama hvort það sé æfing eða leikur. Hann segir að það sé mikilvægt að æfa aukalega og spyrja spurninga. Við þökkum Tómasi kærlega fyrir að gefa okkur innsýn í líf sitt í Skotlandi og óskum þeim Tómasi og Selmu alls hins besta í framtíðinni.



Tómas í leik með Hearts sem er sem stendur á toppnum í skosku úrvalsdeildinni eftir níu umferðir.

Á snurvoð, færum og síld


Óli Gränz er heiti endurminninga Carls Ólafs Gränz, iðnmeistara og gleðigjafa, frá Vestmannaeyjum. Hann fæddist í Eyjum 16. janúar 1941 og var áberandi í bæjarlífinu. Óli segir frá æsku sinni og uppvexti, þátttöku í atvinnulífi og pólitík, einkamálum, prakkarastrikum og því þegar hann og Hjálmar Guðnason sáu upphaf Heimaeyjargossins. Bókin er 315 bls. og prýdd fjölda mynda. Guðni Einarsson skráði. Utgefandi er Bókaútgáfan Hólar.

„Maður fór flesta daga niður á bryggju og stundum oft á dag. Ég var á vappi niðri á Bæjarbryggju í lok maí 1956. Þar var verið að undirbúa Heimi VE 38 á snurvoð. Hann var gamall 18 brúttórúmlesta trébátur. Skipstjóri var gamall kappi, Guðmundur Tómasson, er bjó á Bergsstöðum sem voru Urðavegur 24. Sonur hans, Ólafur Guðmundsson á Sveinsstöðum, átti bátinn og gerði hann út. Aðrir í áhöfn voru mágur eigandans, kallaður Tóti í Bjarma, Þórarinn Ágúst Jónsson, en þar bjó hann lengi. Einnig var þar karl sem var kallaður Bjössi, hann var einhleypur og sjómaður í Eyjum í mörg ár, þar á meðal á Höfrungi VE með áðurnefndum Guðmundi Tómassyni skipstjóra. Ég kann ekki nánari deili á þessum mönnum.

Ég fór um borð í Heimi VE 38 til að rabba við karlana. Ég spurði hvort þá vantaði ekki mann á bátinn. Ólafur útgerðarmaður svaraði að bragði: „Okkur vantar kokk. Ef þú ert til í að skvera lúkarinn getur þú fengið pláss sem kokkur.“ Ég sagðist vera til í það og spurði fullur áhuga hvenær ég gæti byrjað? „Í fyrramálið,“ svaraði Ólafur.

Ég mætti eldsnemma morguninn eftir í vinnugalla og með sköfur, skrúbba, sápulög og stóran klórbrúsa. Lúkarinn var mjög skítugur og illa lyktandi, enda hafði hann ekki verið þrifinn í mörg ár. Ég tók allar dýnur og rúmbotna úr kojunum og bar upp á dekk, svo fjarlægði ég gömul stígvél, sjóstakka og alls konar drasl. Síðan þvoði ég allt hátt og lágt og sótthreinsaði kojur, veggi, loft og gólf með klórblöndu. Að lokum málaði ég allan lúkarinn, skveraði eldavélina (kabyssuna), skipti um ljós í loftinu og lagaði ljósin í kojunum. Ég vann við þetta langa vinnudaga í um tvær vikur.

Standsetning mín á lúkarum í Heimi VE 38 vakti mikla athygli og skipverjar voru mjög viljugir



Óli Gränz á mjög viðburðaríka ævi að baki. Hann fór snemma að vinna og hjálpa til við rekstur heimilisins vegna veikinda föður hans.

”

Sjómenn á öðrum snurvoðarbátum gerðu grín að aðgerðarborðinu og spurðu hvort Óli Gränz væri að innleiða skrifstofusjómennsku í flotann. En það leið ekki á löngu þar til svipuð borð voru komin í hina snurvoðarbátana. Afköstin við aðgerðina jukust mikið og vinnan varð miklu léttari. Ég hugsaði þá að sá hlær best sem síðast hlær!

að sýna öðrum dýrðina. Margir komu að skoða lúkarinn og heyrði ég oft að þetta væri orðinn flottasti lúkarinn í Eyjaflotannum! Ég var sammála því, þótt ég hefði ekki skoðað alla hina lúkarana. Aldrei var minnst á að ég fengi

eitthvað greitt fyrir þetta en ég fékk kokkspláss upp á hásetahlut.

Sumarið var skemmtilegt og oftast var gott sjóveður. Ég fékk ekki sérstakt hrós fyrir matseldina í fyrstu en eftir að mamma gaf mér uppskriftir og góð ráð fór það

að lagast. Skipverjar voru orðnir mjög sáttir við það sem ég eldaði og bakaði þegar leið á sumarið.

Við veiddum mest af kola og þurftum að gera að hverjum einasta fiski. Menn bogruðu við þessa vinnu, tóku fiskinn upp af dekkinu, gerðu að og hentu honum niður í lest. Þetta var ótrúlega léleg vinnuaðstaða og ég vildi bæta úr henni. Ég smíðaði aðgerðarborð í rétttri vinnuhæð og festi það við lunninguna. Borðið var líkt og stór skúffa og rúmaði því talsvert af kola. Fiskinum var mokað upp á borðið og svo stóð maður og gerði að og gat hent slóginu beint í sjóinn. Þessi nýja aðstaða gjörbreytti öllu vinnulagi og gerði aðgerðina mun léttari en áður.

Sjómenn á öðrum snurvoðarbátum gerðu grín að aðgerðarborðinu og spurðu hvort Óli Gränz væri að innleiða skrifstofusjómennsku í flotann. En það leið ekki á löngu þar til svipuð borð voru komin í hina snurvoðarbátana. Afköstin við aðgerðina jukust mikið og vinnan varð miklu léttari. Ég hugsaði þá að sá hlær best sem síðast hlær!

Mér féll afar vel að vera á sjó þrátt fyrir að vinnudagarnir væru stundum langir. Ég reyndi að hafa lúkarinn hreinan og finan allt sumarið. Ég fór heim með óhrein viskastykki og tuskur í þvott og kom svo með þau aftur hrein um borð. Sumarhýran varð frekar lítil en reynslan var mjög skemmtileg.

Mokafli á handfæri á Freyjunni VE

Eftir úthaldið á Heimi VE 38 sem sjókokkur fannst mér ég vera fær í flestan sjó. Sumarið eftir réði ég mig á handfæraveiðar með Sigga á Freyjunni VE 260, Sigurði Ó. Sigurjónssyni frá Brekkuhúsi. Ágúst Matthíasson frá Litlu-Hólum átti helminginn í bátinum á móti Sigga. Freyja VE var 51 brúttólest eða nærri því þrefalt stærri en Heimir VE, byggð í Danmörku 1954 fyrir þá félagagæst og Sigga. Síggi var kvæntur Jóhönnu Helgadóttur, hálf systur pabba.

Það voru skemmtilegir karlar í áhöfninni. Dollí í Sjónarhóli, Adólf Magnússon, var vélstjóri. Einnig voru um borð þeir Trausti Sigurðsson á Hæli, Brekastíg 10, Bjössi Snæ, Sveinbjörn Snæbjörnsson frá Reynivöllum, Kirkjuvegi 66, og Gústi slettó, Ágúst Guðjónsson, kokkur. Viðurnefnið fékk hann vegna sérkennilegs göngulags.

Við vorum á handfærum allt sumarið. Stærsta róðurinn fengum


við út af Dyrhólaey þegar við drógum 27 tonn af ufsa á handfæri á tæpum sólarhring. Það var með ólíkindum mikil veiði. Við komum varla slóðunum út fyrr en það var fiskur á öllum járnum. Við enduðum með að fylla lestina. Ég hafði skínandi góðar tekjur þetta sumar sem kom sér vel fyrir fjölskylduna enda var pabbi þá orðinn óvinnufær að miklu leyti.

Það vakti athygli mína að allir um borð höfðu ákveðnar skoðanir á litunum á gúmmíbeitunni á önglunum og því hver röð þeirra ætti að vera á slóðunum, nema Siggí. Ég hnýtti alla slóðana fyrir hann og honum var alveg sama hvernig litirnir röðuðust. Samt fiskaði hann alltaf manna mest.

Karlarnir höfðu gaman af að spila með mig og senda mig í ýmsar fyluferðir um borð. Siggí skipstjóri tók þátt í þessu sprelli og hugsaði ég honum þegjandi þörfina. Einu sinni vorum við á leið í land og kapteininn lagði sig frammi í lúkar því að þar var hlýrra og notalegra en í skipstjóraklefanum í stýrishúsinu. Við Dolli áttum landstúmið.

Við Bjarnareyjarhornið sagði Dolli mér að fara fram í og ræsa karlinn. Ég stakk mér hálfum inn í kojuna og öskraði: Siggí, Siggí, þú verður að koma strax upp! Við erum að sigla á milli hafnargarðanna og ég bara batt stýrið!

Siggí vaknaði við vandan draum og í hönd fór ótrúleg atburðarás. Hann byrjaði á að stanga efri kojuna, enda engin slík í skipstjóraklefanum. Svo stökk hann fram úr en hitti ekki á bekkinn og datt á rassinn á lúkarsgólfinu. Þar spólaði hann í hrúgu af stígvélum undir borðinu og rauk svo upp stigann á sokkaleistunum en hitti ekki í öll þrepin og hrasaði í öðru hverju skrefi. Loksins komst hann upp á dekk og sá þá að Dolli stóð við stýrið og að enn var langt í



Óli var háseti á Freyju VE 260 sumarið 1957 á handfæraveiðum. Skipstjóri var Sigurður Ó. Sigurjónsson sem var kvæntur Jóhönnu Helgadóttur, föðursystur Óla.

innsiglinguna. Eftir þetta fékk ég frið fyrir allri stríðni.

Á þessum árum var engin salernisaðstaða um borð í þessum minni bátum. Menn sprændu bara yfir borðstokkinn og ef gera þurfti stærra þá brugðu menn sér aftur fyrir stýrishúsið og gerðu stykki sín í galvaníseraða skólþötu. Spotti var bundinn við handfangið á fötunni til að hægt væri að henda henni í sjóinn og skola úr henni innihaldið.

Algjör uppgrip á síldinni

Ég var á síld á Stíganda VE 77 sumrin 1961 og 1962. Helgi Bergvinsson aflakóngur var skipstjóri

og útgerðarmaður Stíganda og einnig tengdapabbi minn. Hann var tregur að taka mig um borð því pláss hjá aflakónginum voru mjög eftirsótt. Svo féllst hann á að ég fengi pláss. Kærastan mín, Sigríður Elínborg Helgadóttir, var á íþróttaskóla í Sønderborg á Jótlandi. Ég tók mjög lítið út yfir sumarið og mér fannst ég aldrei hafa séð eins mikla peninga og þegar ég fékk útborgað eftir hvert síldarúthaldið. Það voru algjör uppgrip og þetta létti mikið undir með okkur mömmu við rekstur heimilisins.

Seinna sagði Sigga kærastan mín mér að pabbi hennar hefði hringt

í Leu konu sína Sigurðardóttur og sagt að hann sæi ekki eftir að hafa tekið mig með á síld því ég væri duglegasti maðurinn á bátnum! Mér þótti mikill heiður að heyra það. Við Helgi vorum mjög góðir vinir, alveg til æviloka hans. Mér þótt vænt um hann alla tíð og hann reyndist mér vel og var traustur vinur alla ævi. Helgi var mér sem besti faðir.

Við enduðum á frímerki

Við vorum að landa síld í Neskaupstað í júlí 1961 þegar ljósmyndari kom niður á bryggju. Hann sagðist vera á vegum Pósts og síma að taka myndir af atvinnulífinu. Síðan ætti að velja nokkrar myndir og teikna eftir þeim ný frímerki. „Kannski verður mynd af ykkur fyrir valinu,“ sagði hann við okkur Venna, Sigurvin Þorkelsson, föður þeirra Andrésar leikstjóra og knattspyrnukappanna Ólafs Þórs og Asgeirs Sigurvínssona. Ein myndin af okkur að moka síld var gerð að frímerki að verðgildi 7,50 krónur og kom það út árið 1963. Þetta frímerki og annað að verðgildi 5 krónur voru gefin út að tilhlutan Matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO). Þau voru tileinkuð herferð Sp gegn hungri. Var gert ráð fyrir að um 100 lönd gæfu út frímerki í þeim tilgangi. Þetta var í þriðja skiptið sem Sp beittu sér fyrir frímerkja-útgáfu aðildarþjóðanna en áður höfðu komið frímerki að undirlagi Sp vegna flóttamanna og malaríu. Þessi frímerki vekja upp góðar minningar um skemmtileg sumur og rífandi góðar tekjur.



Óli og Sigurvin Þorkelsson, hásetar á Stíganda VE, voru að landa síld á Norðfirði þegar tekin var ljósmynd af þeim. Hún varð fyrirmynd frímerkis sem kom út 1963.

Átta ár eru bara passleg

≡ Njáll Ragnarsson, oddviti Eyjalistans, lítur yfir kjörtímabilið, uppbyggingu og áskoranir bæjarstjórnar ≡ Samstarfið nú til fyrirmyndar ≡ Staða bæjarins sterk ≡ Hyggst hann stíga frá og gefa öðrum tækifæri til að taka við keflinu

TRYGGVI MÁR
SÆMUNDSSON
tryggvi@eyjafrettir.is

Eftir átta ár í bæjarstjórn Vestmannaeyja og sem formaður bæjarráðs hyggst Njáll Ragnarsson, oddviti Eyjalistans, láta staðar numið í bæjarpólitíkinni.

Í viðtali við Eyjafréttir fer hann yfir lærdóm tímabilsins, helstu verkefni og áskoranir, lýsir því hvernig bæjarstjórnin hefur þróast frá skotgröfum í samstöðu – og útskýrir hvers vegna hann telji að nú sé tímabært að víkja sæti.

Mikill lærdómur og endurnýjun

„Þetta hefur verið rosalega mikill lærdómur, ekki bara á stjórnsýslu bæjarins heldur öll þau verkefni sem bærinn stendur í,“ segir Njáll þegar hann lítur yfir kjörtímabilið.

„Þegar ég byrjaði 2018 var mikil endurnýjun í bæjarstjórn. Af sjö fulltrúum voru fimm sem höfðu aldrei áður setið í bæjarstjórn, einn hafði setið eitt kjörtímabil og einn hálf. Það var því margt að læra á stuttum tíma.“

Hann segir þetta þó hafa verið afskaplega góðan tíma. „Það er ótrúlega margt skemmtilegt við það að sitja í bæjarstjórn og taka þátt í að stýra bænum okkar. Sumt er minna skemmtilegt eins og gengur, en heilt yfir hefur þetta verið góður tími.“

Vatnslögnin stærsta áskorunin

Stærsta áskorun kjörtímabilsins hefur verið eitt tiltekið mál sem hefur tekið mikla orku er vatnslögnin. „Við lentum í því að, fyrir einhverja fátíðni, rak skip akkerið í vatnslögnina okkar – lífæð samfélagsins,“ segir Njáll.

„Þetta mál hefur tekið mikinn tíma og mikla orku, enda mjög umfangsmikið. Því miður er það svo að útgerð skipsins ætlast til þess að gríðarhár reikningur vegna þessa atviks verði sendur á íbúa Vestmannaeyja – en við



Njáll Ragnarsson, oddviti Eyjalistans og formaður bæjarráðs.

Mynd: Óskar Pétur.

spyrjum að leikslokum.“

Þrátt fyrir þessa miklu áskorun segist hann stoltur af því hvernig bæjarstjórn hafi brugðist við.

„Þetta sýnir hvað við erum samhent þegar á reynir. Þó svona mál séu erfið, þá hefur okkur alltaf borið gæfa til þess að koma fram sem einn maður þegar mikið er undir.“

Stoltur af uppbyggingu og sjálfbærum rekstri

„Það er svo margt sem hefur gengið vel,“ segir Njáll. Hann nefnir skólamálin fyrst. „Grunnskóli Vestmannaeyja er kom-

inn í fremstu röð hvað varðar námsárangur. Það var í raun stór ákvörðun fyrir bæjarfélagið að fara í þetta verkefni.“

Einnig bendir hann á uppbyggingu innviða sem eitt af þeim verkefnum sem hann er hvað stoltastur af. „Ljósleiðarinn var risaverkefni sem hefur gjörbreytt aðgengi að þjónustu og skipt miklu fyrir heimili og fyrirtæki. Það að við gætum byggt kerfið upp og síðan losað bæinn undan rekstrinum sýnir að við erum að hugsa til framtíðar.“

Á sama tíma hafi bæjarsjóður verið rekinn á heilbrigðan og

sjálfbæran hátt. „Við höfum gætt þess að halda álögum á íbúa í lágmarki, og tryggt að miklar hækkanir á fasteignamati leiði ekki til aukinna gjalda. Samhliða því hefur reksturinn verið réttum megin við núllið nánast á hverju ári.“

En ekki hefur allt gengið upp. „Hagsmunamál sem við höfum þurft að reka gagnvart þingmönnum og ráðherrum hafa ekki alltaf gengið sem skyldi. Stundum finnst mér eins og talað sé fyrir daufum eyrum þegar kemur að okkar stærstu málum – mál sem skipta íbúa hér öllu.“

Frá skotgröfum til samstöðu

Njáll segir pólitískt landslag í Vestmannaeyjum hafa tekið miklum breytingum á þeim átta árum sem hann hefur setið í bæjarstjórn.

„Á fyrra kjörtímabilinu var allt erfiðara. Þá var traust á milli meiri- og minnihluta lítið, oft mikill hasar sérstaklega á bæjarstjórnarfundum. Ég ætla ekki á nokkurn hátt að kenna minnihlutunum alfarið um þetta, vafalaust hefði ég og við alveg getað staðið okkur betur í því að ná sáttum og láta bæjarstjórn fúnkera eins og hún á að gera. En þetta fór í einhverjar skotgrafir og það var takmarkaður áhugi beggja megin borðsins á því að komast upp úr þeim,“ segir hann ákveðinn.

„En í dag er allt annað andrúmsloft. Ég upplifi að allir nú bæjarfulltrúarnir séu að gera sitt besta fyrir samfélagið. Við erum sammála í flestum málum, og þar sem okkur greinir á er reynt að ná lendingu sem flestir geta sætt sig við.“

Hann bendir á að þetta sé ekki sjálfgefið í pólitísku starfi. „Ég held að allir hafi áttað sig á því að bæjarbúar nenna ekki að hlusta á þrætur. Þeir vilja að sveitarfélagið sé vel rekið, að þjónustan virki og að samgöngur gangi allan ársins hring. Langflestum er alveg sama hvaðan gott kemur.“

Hann hrósar samstarfinu við nánasta hópinn. „Ég hef átt í mestum samskiptum við Eypór, Jónu og

TIL HAMINGJU



TIL HAMINGJU MEÐ ÁFANGANN

og takk fyrir frábært samstarf.

Hlökkum til áframhaldandi
samstarfs með ykkur.



EININGAVERKSMIÐJAN ÓSKAR LAXEY INNILEGA TIL HAMINGJU MEÐ FYRSTA ÁFANGA



EININGAVERKSMIÐJAN

KOPARHELLA 5, 221 HAFNARFJÖRÐUR
WWW.EV.IS • E414 8700 • EV@EV.IS

Írasi bæjarstjóra. Þetta er allt ákaflega gott fólk sem leggur mikið á sig til að samfélaginu vegni vel.“

Sterkur bær með bjarta framtíð

„Staða bæjarins er almennt sterk, nánast sama hvert sem litið er,“ segir Njáll þegar hann metur stöðuna í dag. „Við höfum góða stöðu fjárhagslega, þjónustan hefur eflst og samfélagið er í jákvæðri þróun.“ Hann nefnir grunnskólann, leikskólana og uppbyggingu íbúðarhúsnæðis sem dæmi.

„Það hefur mikið verið byggt og framundan eru stór verkefni, meðal annars í Löngulág. Það er spennandi að sjá ný hverfi rísa.“

Rekstur bæjarins hefur verið stöðugur og skuldir engar við lánastofnanir. „Það er forréttinda-staða sem fá sveitarfélög geta státað af,“ segir hann. „Við höfum sýnt að hægt er að reka sveitarfélag af ábyrgð og festu án þess að leggja þyngru byrðar á íbúa.“

Um framtíðina er hann bjartsýnn. „Tækifærin liggja í áframhaldandi uppbyggingu atvinnulífsins. Sú uppbygging leggur grunn að öllu sem samfélagið byggir á. Við þurfum að tryggja að innviðirnir séu tilbúnir fyrir þann vöxt sem fram undan er.“

Njáll bendir líka á áhættuþætti. „Ytri ógnanir eru náttúrulega alltaf til staðar. Ég nefndi hér áðan vatnslögnina. Þetta verkefni er gríðarlega kostnaðarsamt og gæti orðið bænum og bæjarsjóði erfitt. Við þurfum líka að horfast í augu við að við eigum mikið undir okkar þingmönnum og ráðherrum í ríkisstjórn sem mér finnst ekki alltaf vera með okkur í liði. Því miður. Sem dæmi um þetta get ég alveg nefnt að þegar ríkisstjórn ákveður að hækka álögur á grunntatvinnugrein landsbyggðarinnar án þess að taka til greina nokkuð af því sem sveitarfélögin benda á í þeim eignum fylgir því sérstök áhætta. Við þurfum að horfast í augu við þetta og átta okkur á því að það er oft takmarkaður skilningur bæði á sérstöðu Vestmannaeyja og því að sveitarfélög eins og okkar eiga nánast allt sitt undir öflugum sjávarútvegi.“

Færst meira til hægri

Spurður um hvort starfið hafi breytt sýn hans á pólitík eða á samfélagið í Eyjum svarar Njáll því til að hann hafi síðan á háskólaárunum verið mið-hægri maður. „Á þessum tæpu átta árum

hef ég sennilega færst meira til hægri. Það er einfaldlega þannig að það er ekki hlutverk sveitarfélaga eða ríkis að gera allt fyrir alla eða standa í öllum rekstri – það verður aldrei hægt. Við erum að sýsla með almannafé og við verðum að gera það skynsamlega.“

Hvernig hefur þú haldið jafnvægi á milli stjórnmála og einkalífs á þessum tíma? Þetta er góð spurning. Ég hef einhvern vegin aldrei dregið einhver mörk þarna – þetta er bara orðinn hluti af mínu lífi. Oft er talað um að maður þurfi að hafa ákveðinn skráp þannig að leiðinleg umræða hafi síður áhrif á mann. Mér hefur alveg tekist það enda skiptir það mig engu máli þó einhver lyklaborðsriddari kalli mig asna á Facebook. Aftur á móti eru sumir af mínum nákomnu viðkvæmari og það finnst mér verra.

„Ég finn ekki lengur sama eldmóðinn“

Njáll segist hafa hugleitt framtíð sína lengi og komist að niðurstöðu: hann hyggst ekki bjóða sig fram að nýju í vor. „Auðvitað væri gaman að halda áfram, en ég ætla að láta gott heita. Í fullri einlægni þá finn ég ekki lengur þennan eldmóð sem maður verður að hafa í þessu starfi.“ Hann segir átta ár í sveitarstjórn vera gott tímabil: „Átta ár eru ákveðið lágmark í sveitarstjórn, kannski er það bara passlegt en það sem mestu skiptir er að maður hafi áhugann.“

Hann viðurkennir að krefjandi starf utan stjórnmálanna hafi tekið sinn toll. „Ég er í krefjandi vinnu og hef upp á síðkastið verið þónokkuð fjarverandi úr bæjarstjórn af þeim sökum og það er ekki sanngjarnt gagnvart neinum, hvorki félögum mínum í bæjar-

Vertu alltaf hreinn og beinn með þínar skoðanir. Segðu hvað þú vilt gera og hvernig þú vilt gera það. Þó fólk sé ekki sammála þér, þá er alltaf betra að segja sannleikann en að segja það sem þú heldur að fólk vilji heyra. Það mun alltaf koma þér í koll.

stjórn né mínum varamönnum. Að sjálfsögðu klára ég þetta tímabil fram að kosningum enda erum við á fullu í að gera fjárhagsáætlun og ýmis önnur krefjandi verkefni standa fyrir dyrum. En eins og í öllu verður maður að geta gefið sig 100% í svona starf – annars er betra að sleppa því.“



Njáll fyrir framan Ráðhús Vestmannaeyja.

Spurður hvort hann sjái sig áfram í stjórnmálum svarar Njáll: „Nei, ég ætla að draga mig alfarið út úr stjórnmálastarfi þó að vissulega sé ég með mínar skoðanir

og sé pólitískur en ég ætla að einbeita mér að öðru næstu árin. En ég mun að sjálfsögðu fylgjast með úr einhverri fjarlægð og verð til skrafs og ráðagerða með hverjum þeim sem telur mig geta veitt einhverja aðstoð eða innsýn í verkefni bæjarstjórnar eða miðlað af minni reynslu

á einhvern hátt. Er það ekki bara skylda fyrrverandi bæjarfulltrúa!“

Kýs frekar að láta verkin tala

Aðspurður hvernig hann vilji að fólk muni eftir honum sem formanni bæjarráðs, hugsar Njáll sig um. „Ég veit ekki hversu mikið fólk mun muna eftir mér sérstak-

lega,“ segir hann.

„Ég hef aldrei verið mikið fyrir að birta myndir eða segja stöðugt frá því sem ég geri. Ég vil frekar bara gera hlutina og láta verkin tala.“

Hann nefnir þó nokkra þætti sem hann sé stoltur af eftir þessi ár. „Við höldum áfram að byggja upp samfélagið, lögðum ljósleiðara í hvert hús, höldum álögum í lágmarki og byggðum nýja slökkvistöð. Við tókum ákvarðanir sem bættu árangur í grunnskólanum og styrktu atvinnulífið. Þetta eru allt atriði sem ég vona að hafi skipt máli.“

Ráð til næstu kynslóðar stjórnmálamanna

Að lokum spyrjum við Njál hvað hann vilji segja við þá sem ætla að feta í fótspor hans í sveitarstjórnarmálum.

Svarið er skýrt. „Vertu alltaf hreinn og beinn með þínar skoðanir. Segðu hvað þú vilt gera og hvernig þú vilt gera það. Þó fólk sé ekki sammála þér, þá er alltaf betra að segja sannleikann en að segja það sem þú heldur að fólk vilji heyra. Það mun alltaf koma þér í koll.“



Hamingjuóskir með tímamótin



NORÐURSUND 9, VESTMANNAEYJUM | 481 2111 | VELATHOR@VELATHOR.IS

Til hamingju Laxey!



Lengi býr að fyrstu gerð.



Laxey ≡ Frá uppbyggingu til afurðar

Nálgast stærsta áfangann til þessa

ÓMAR GARDARSSON
omar@eyjafrettir.is

Laxey hefur allt þetta ár haldið áfram uppbyggingu af miklum krafti og lauk í sumar 9 milljarða króna hlutfjárkauningu í tveim áföngum til að styðja við annan áfanga eldisverkefnisins. Helmingur fjárlins er frá nýjum fjárfestum. Mikil eftirspurn varð til þess að stækka útboðið umfram upphaflega áætlun.

Meðal fjárfesta eru þrír stærstu lífeyrissjóðir landsins – Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóður verzlunarmanna og Gildi – auk erlendra fjárfesta sem eiga um 21% í fyrirtækinu. Fjölskylda Sigurjóns Óskarssonar er enn stærsti hluthafinn með 38% eignarhald í fyrirtækinu.

„Þessi árangursríka fjármögnun staðfestir trú fjárfesta á framtíðarsýn okkar og gerir okkur kleift að hraða uppbyggingu á sjálfbærum og ábyrgum grunni,“ segir Lárus Ásgeirsson, stjórnarformaður Laxeyjar.

Uppbygging Laxeyjar hófst með byggingu hátæknilegrar seiðastöðvar í Friðarhöfn, sem fór í fullan rekstur í ágúst 2024. Stöðin notar lokað endurnýtingarkerfi (RAS) sem endurnýtir 99,7% vatnsins og hefur framleiðslugetu upp á allt að 4,6 milljónir seiða á

ári, að meðaltali 100 g hvert. Fyrstu hrogn komu í stöðina í nóvember 2023 og hefur framleiðslan farið fram samkvæmt áætlun. Alls hafa sjö hópar af hrognum verið settir í framleiðslu.

Framleiðslan út í fjöru gengur vel og eru hóparnir að dafna vel. Fjórir hópar seiða hafa þegar verið fluttir í áframeldi í Viðlagafjöru með reglulegu millibili, og sá síðasti núna um miðjan október. Reist hafa verið átta 5000 rúmmetra fiskeldisker sem öll eru komin í framleiðslu og markar það tímamót – áfangi eitt er kominn í fulla framleiðslu og það á áætlun. Alls verður áframeldið í Viðlagafjöru byggt upp í sex áföngum.

Í maí á þessu ári var fyrsti botninn fyrir fiskeldisker í öðrum áfanga steypdur og markaði það upphafið af sjáanlegri uppbyggingu fyrir þann áfanga. Í sumar og haust hefur verið góður uppgangur í öðrum áfanga og í lok október var síðasta kerfið í áfanga 2 reist.

Þegar búið er að reisa veggi og þak á fiskeldiskerunum hefst umfangsmikil vinna við að gera kerin tilbúin til notkunar. Þá er ráðist í uppsetningu á þjónustuhúsnæði milli tankanna, tengingar á vatnskerfum, rafmagni og stjórnbúnaði. Reiknað er með að fyrstu kerin í áfanga tvö verði tilbúin til að taka á móti fyrstu seiðunum næsta sumar.

Í júní afhenti Laxey fyrsta hóp stórseiða til langtímasamstarfsaðila, sem markaði upphaf reglu-

bundinnar sölu á stórseiðum sem hluta af tvíþættu tekjulíkani félagsins. Sala á stórseiðum tryggir tekjur samhliða matfiskframleiðslu og styrkir rekstraröryggi félagsins.

Nú eru tímamót fram undan hjá félaginu, því í nóvember verður slátrað fyrstu löxunum sem alin hafa verið í stöðinni. Þar með hefst nýr rekstrarfasi hjá Laxey, þar sem matfiskframleiðsla hefst samhliða áframhaldandi stækkun stöðvarinnar í Viðlagafjöru.

Uppbygging á aðstöðu til vinnslu hefur gengið mjög vel og verður mikilvægur þáttur í virðiskeðju félagsins. Hún tryggir að Laxey hafi allt ferlið – frá eggi til slátrunar – á eigin vegum. Vinnsluaðstaðan sem verið er að koma á laggirnar núna verður þó ekki framtíðarvinnsluhús stöðvarinnar. Í áfanga

3 verður farið í að byggja fullkomna vinnsluadstöðu sem mun vera í takt við framleiðsluáætlanir félagsins og hámarka nýtingu hráefnis og verðmætasköpun.

Laxey stefnir að 36.000 tonna árlegri framleiðslu á hágæða laxi í landeldi og leggur áherslu á vistvæna framleiðslu, gæði, umhverfisábyrgð og velferð dýra. Verkefnið mun skapa fjölmörg störf og stuðla að varanlegri verðmætasköpun í Vestmannaeyjum.

Nú þegar starfa meira en 70 einstaklingar hjá Laxey og eru nær öll störfin unnin frá Vestmannaeyjum. Á tæpum tveimur árum hefur fjöldi starfa hjá Laxey aukist um 50 í Vestmannaeyjum. Til samanburðar myndi það jafngilda rúmlega 1.500 nýjum störfum hjá einu fyrirtæki ef sama þróun ætti sér stað í Reykjavík.



Harry og Guðmundur, starfsmenn seiðastöðvar við flutningstankinn sem notaður var til að flytja fjórða skammtinn frá seiðastöð í áframeldið.



JBT Marel
óskar Laxey til
hamingju með
glæsilega
vinnslu

jbtmarel.com

+ JBT Marel

SAMEY ROBOTICS



**Við óskum starfsfólki og eigendum LAXEY
til hamingju með nýja laxasláturhúsið**



Laxasláturhúsið er útbúið sjálfvirkri róbotalausn frá Samey Robotics. Róbotinn er á sleða og mun koma til með að stafla 25kg laxakössum á allt að 6 bretti.

Samey Robotics - Lyngás 13, 210 Garðabær - sales@samey.is

Laxey á tímamótum ≡ Vinnsla að hefjast

Áhersla á fullt gegnsæi og rekjanleika

Þetta hefur verið ótrúlegt ferðalag frá fyrstu hugmynd að veruleika. Frá fyrstu drögum að framtíðarsýn um sjálfbæra laxeldisvinnslu í Vestmannaeyjum til þeirra áfanga sem nú eru að raungerast. Hefur Laxey lagt áherslu á vönduð vinnubrögð, nýsköpun og ábyrgð gagnvart umhverfi og samfélagi. Með sameiginlegu átaki starfsfólks, samstarfsaðila og bæjarfélagsins hefur verkefnið vaxið og



Halldór Sævarsson tæknimaður í vinnsluhúsi.

dafnað – og nú er komið að næsta stóra skrefi.

Fyrsta skóflustungan að vinnsluhúsnæði Laxeyjar var tekin í júní 2023 við Viðlagafjöru í Vestmannaeyjum. Athöfnin markaði upphaf nýs kafla í sögu fyrirtækisins og lagði grunn að þeirri uppbyggingu sem nú er að verða að veruleika. Líka í sögu Vestmannaeyja og er stærsta framkvæmd Eyjanna frá upphafi og frumkvöðlarnir eru Daði Pálsson og Hallgrímur Steinsson. Hafa þeir myndað öflugan hóp starfsfólks og hluthafa. Stært hluthafa er fjölskylda Sigurjóns Óskarssonar sem ytti Laxey úr vör eftir að hafa selt útgerð og fiskvinnslu.

Í næsta mánuði mun vinnsla hefjast á fimm kílóa fiski hjá Laxey sem eru mikil tímamót í sögu fyrirtækisins og stærsti áfanginn til þessa. Allt frá því að hugmyndin kviknaði, í gegnum uppbyggingu seiðastöðvarinnar og fyrstu skóflustungu út í Viðlagafjöru, hefur markað þróun fyrirtækisins.

Undirbúningur hefur verið mikill og í samvinnu við þann áfanga sem brátt mun eiga sér stað. „Það krefst mikils undirbúnings að koma upp vinnsluadstöðu sem mun fyrst um sinn vera í byggingu sem síðar verður nýtt sem fóðurgeymsla, en flyst síðar í

nýtt húsnæði sem verður reist sérstaklega fyrir vinnsluna og verður alfarið ætlað þeirri starfsemi“ segir Óskar Jósúason upplýsingafulltrúi Laxeyjar.

Á síðasta ári hefur LAXEY undirritað samninga við nokkra lykilaðila um afhendingu búnaðar, hugbúnaðar og vinnslulína fyrir vinnsluna. „Meðal þeirra er Baader sem mun útvega vinnslubúnað fyrir nýju aðstöðuna. Samningurinn við Baader tryggir fyrirtækinu fyrsta flokks vinnslutækni sem byggir á áratuga reynslu og nýjustu lausnum á sviði sjálfvirkni í fiskvinnslu.“

Óskar segir að þá hafi Laxey gert samning við Marel um afhendingu á hugbúnaði og vinnslulausnum sem ná yfir rekjanleika og flokkunarkerfi. „Marel mun jafnframt sjá um samþættingu kerfa sem tryggja fullt gegnsæi og rekjanleika fisks frá framleiðanda til neytenda.“

Ístækni sér um vinnslu- og kælingu sem tengir saman allan búnaðinn í samfellda og skilvirka heild, auk þess að sjá um uppsetningu og tengingar á staðnum. Loks ber að nefna Samey sem sér um sjálfvirkni- og róbótakerfi vinnslunnar, sem tryggja nákvæmni, rekjanleika og hámarksafköst í þökkun og flutningsferlum.



Ragnheiður Sveinsdóttir, starfsmaður áframeldis með vænan lax.

„Með þessum samningum hefur Laxey tryggt sér öfluga tæknilega innviði fyrir næstu skref. Fyrirtækið leggur áherslu á sjálfvirkni, rekjanleika og gæði í vinnsluferlinu og þessi nýi búnaður gerir Laxey kleift að taka á móti fyrsta laxinum til vinnslu í nóvember 2025. Með því stígur fyrirtækið inn í nýtt skeið – frá framleiðslu til fullvinnslu – og undirstrikar þannig markmið sitt um að skapa vandaða, rekjanlega og íslenska afurð, unnið í Vestmannaeyjum frá upphafi til enda,“ segir Óskar.

Laxey stækkar og hroгнаframleiðsla í farvatninu

Laxey hyggst auka við starfsemi sína í Viðlagafjöru og undirbýr nú frekari uppbyggingu á svæðinu. Fyrirtækið hefur sótt um að stækka lóð sína og kynnt tillögu að nýrri hroгнаframleiðslu. Umhverfis- og skipulagsráð tók málið fyrir á fundi nýverið og lýsti sig jákvætt gagnvart stækkunaráformunum. Ráðið segir Laxey hafa haft jákvæð áhrif á samfélagið og fagnar áframhaldandi vexti fyrirtækisins.

„Við fögnum þeirri uppbyggingu sem þegar hefur átt sér stað hjá Laxey og sjáum mikla möguleika í frekari þróun starfseminnar,“ segir í bókun ráðsins.

„Fyrirtækið hefur skapað fjölda starfa og eftir atvinnulíf í Vestmannaeyjum á jákvæðan hátt.“ Samkvæmt erindi fyrirtækisins er nú unnið að umhverfismati vegna aukinnar framleiðslugetu, sem gæti farið úr 11.500 tonnum í allt



Afstöðumynd eins og laxeldisstöð Laxeyjar kemur til með að líta út.

að 42.000 tonn á ári. Þá eru einnig uppi áform um byggingu seiðaldisstöðvar í Viðlagafjöru.

„Við erum að undirbúa næstu skref í þróun starfseminnar og viljum byggja upp öflugt eldis- og framleiðslukerfi hér í Eyjum,“ segir Daði Pálsson, sem fer með málið fyrir hönd Laxey.

„Þessi áform fela í sér fjölmörg ný störf og aukna verðmætasköpun á svæðinu.“

Auk þess hefur Laxey kynnt tillögu að nýrri hroгнаframleiðslu, sem yrði viðbót við starfsemina. Áætlað er að byggja um 5.000 fermetra húsnæði undir þá framleiðslu, og gæti verkefnið skapað tug nýrra starfa.

Ráðið hefur samþykkt að fela Laxey gerð deiliskipulagstillögu í nánú samstarfi við skipulagsfulltrúa og að hefja vinnu við breytingu á aðalskipulagi samhliða.

Til hamingju með árangurinn

Arion banki er stoltur bakhjarl Laxey og óskar félaginu innilega til hamingju. Við þökkum traustið og ánægjulegt samstarf hingað til og hlökkum til áframhaldandi samvinnu í framtíðinni.



Þinn árangur
Arion

Stöndum á tímamótum í lagareldi

≡ sagði Gunnar Þórðarson á Lagarlífi ≡ Haaland nær til unga fólksins

Gervigreind, markaðssetning og sjálfbær framtíð voru í brennidepli á Lagarlífi 2025, stærstu ráðstefnu ársins um lagareldi sem haldin var í Hörpu í upphafi mánaðarins. Gunnar Þórðarson, framkvæmdastjóri Lagarlífs, segir greinina standa á þröskuldi nýrrar aldar – þar sem tækni, samstarf og framtíðarsýn mætast.

„Við lögðum mikla áherslu á að fá leiðandi erlenda og innlenda fyrirlesara sem gætu varpað ljósi á þær breytingar sem eru að eiga sér stað í lagareldi. Það var ljóst strax í upphafsmálstofunni að gervigreind verður lykilatriði í þróun greinarinnar næstu árin,“ segir Gunnar um megináherslu Lagarlífs í ár.

Dag Sletmo fjallaði um gervigreindina og Gunnar segir hans helstu skilaboð vera að fiskeldi standi nú á tímamótum. „Dag, sem margir þekkja úr norskum sjávarútvegi sagði að fram undan væru söguleg tímamót, sem í framtíðinni yrðu kennd við fyrir og eftir gervigreind. Hann benti á að fiskeldi hefði verið aftarlega í tækniþróun en nú væri það komið á gervigreindarhraðbrautina. Með henni verði hægt að bæta eftirlit með lífmassa, fæðun og dýravelferð. Ekki síst í baráttunni við



Gunnar Þórðarson, framkvæmdastjóri Lagarlífs, segir lagareldi vera að þróa í háteknigrein sem getur orðið ein af stoðum íslensks efnahagslífs.

laxalús og taka betri ákvarðanir sem auka framleiðni og verðmætasköpun,“ sagði Gunnar.

Með lax í ferðatöskum

Christian Chrøner, stjórnarformaður Norwegian Seafood Council fjallaði um markaðssetningu sjávarfangs sem hófst í Noregi með ferð nokkurra sölumanna til Tókýó árið 1984. Fóru með lax í ferðatöskum til að kynna hann sem sushihráefni og úr varð heimsútlutningur,“ sagði Gunnar en í dag flytja Norðmenn út tæplega þrjár milljónir tonna af sjávarfangi fyrir 175 milljarða

norskra króna árlega.

„Chrøner sýndi hvernig sameiginleg markaðsstarfsemi og notkun þekktra íþróttamanna, eins og Erling Haaland, nýtist til að ná til ungs fólks og hvetja það til fiskneyslu. Þar getum við Íslendingar lært mikið.“

Aðspurður um dæmi um velgengi í laxeldi á Íslandi nefndi Gunnar áhugaverða kynningu frá Vestmannaeyjum. Þar hefur fyrirtækið Laxey skapað mikinn kraft og samstöðu í samfélaginu í kringum uppbyggingu landeldis. „Þetta er dæmi um hvernig nýsköpun í lagareldi getur eftir heilu

byggðarlögin þegar samvinna fyrirtækja og sveitarfélaga gengur upp,“ sagði Gunnar en bæði Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum og Lárus Ásgeirsson, stjórnarformaður Laxeyjar héldu fyrirlestra á ráðstefnunni.

Gunnar horfir björtum augum til framtíðar á lagareldi í alþjóða vísu. „Novel Sharma frá RABO Bank ræddi um Kínamarkaðinn, sem er sá stærsti í heimi fyrir sjávarafurðir. Þar er eftirspurnin að aukast hratt, sérstaklega meðal millistéttarinnar. Kína vill tryggja innflutning frá vinveittum ríkjum og Ísland með sinn fríverslunarsamning gæti átt sterka stöðu ef byggt verða upp traust og langtímasambönd.“

Boðskapur ráðstefnunnar var skýr að mati Gunnars. „Ég hef aðeins stiklað á því helsta en Lagarlíf 2025 sýndi að lagareldi er að verða háteknigrein sem sameinar gervigreind, sjálfbærni og alþjóðlega hugsun. Ef við nýtum þau tækifæri sem nú liggja fyrir getum við byggt upp grein sem verður ein af stoðum íslensks hagkerfis. „Við stöndum á þröskuldi nýrrar aldar í lagareldi. Þar sem tækni, sjálfbærni og framtíðarsýn mætast,“ segir Gunnar Þórðarson að lokum.

Samstarf og traust lykilatriði í uppbyggingu samfélaga

≡ Að byggja orðspor upp til framtíðar er samvinnuverkefni, sagði Íris Róbertsdóttir bæjarstjóri

„Samstarf og samtal milli forsvarsfólks fyrirtækja, íbúa og sveitarfélaga þar sem fyrirtækin starfa skiptir miklu máli þegar hugað er að ímynd og orðspori, sérstaklega þegar ný fyrirtæki koma inn í samfélög,“ sagði Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri Vestmannaeyja, í ávarpi sínu á ráðstefnunni Lagarlíf 2025.

Íris lagði áherslu á að traust og opin samskipti væru grundvallaratriði þegar ný atvinnustarfsemi væri að festa rætur í sveitarfélaginu. „Það skiptir ekki síður máli hvernig unnið er eftir að verkefni hefst. Gott dæmi um slíkt samstarf og samtal má sjá í samskiptum milli Laxeyjar, Vestmannaeyjabæjar og íbúa. Traustið skiptir miklu máli og líka



Í fyrirlestri sínum lagði Íris áherslu á að traust og opin samskipti væru grundvallaratriði þegar ný atvinnustarfsemi væri að festa rætur í sveitarfélaginu.

Mynd Lagarlíf 2025.

orðsporið,“ sagði Íris.

Hún sagði að trúverðugleika og heiðarleika forsenda góðs orðspors og samstöðu í samfélaginu. „Að standa við það sem sagt er og upplýsa samfélagið er lykilþáttur á vegferð verkefnisins. Að byggja upp orðspor til framtíðar er samvinnuverkefni ef vel á að takast til,“ bætti hún við.

Að lokum lagði Íris áherslu á að sameiginlegt eignarhald og ábyrgð á framtíðarsýn verkefna væri lykillinn að árangri. „Eignarhaldið þarf að vera allra sem koma að verkinu – fyrirtækja, íbúa og stjórnvalda á hverjum stað. Það er líka mikilvægt að upplýsa og segja sögu greinarinnar og upplýsa íbúana,“ sagði Íris Róbertsdóttir.



TIL HAMINGJU LAXEY MEÐ NÝJA VINNSLU OG FYRSTU SLÁTRUN UNDIR ÞAKI FRÁ LÍMTRÉ VÍRNET

Vinnlustöðvar Laxey eru byggðar með þaki úr límtré og steinullareiningum frá Límtré Vírnet.



Aðalnúmer: 412 5300 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálslí 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi



Lárus stjórnarformaður Laxeyjar ≡ Í fjórða skiptið á Lagarlífi

Áætlun í orði og árangur í verki

≡ Lýsti vegferð Laxeyjar frá hugmynd að veruleika

„Í kynningu sinni fór Lárus Ásgeirsson, stjórnarformaður Laxeyjar, yfir sögu þessa unga en ört vaxandi fyrirtækis sem byggir upp landeldi á laxi í Vestmannaeyjum. Þetta var fjórða árið í röð sem hann steig á stökk á ráðstefnunni Lagarlíf og má í raun segja að kynning hans í ár hafi verið ákveðinn endir á öllum fjórum kynningunum hans,“ segir Óskar Jósúason, upplýsingafulltrúi Laxeyjar.

„Fyrsta árið, 2022, fjallaði Lárus um hugmyndina að Laxey, árið eftir um hvernig framkvæma ætti þessa hugmynd og í fyrra sagði hann frá uppbyggingunni og framkvæmdum. Í ár lokaði hann hringnum með því að kynna fyrstu afurðirnar sem fyrirtækið er að setja á markað innan við mánuði,“ segir Óskar.



Lárus - Viljum nýta krafta samfélagsins með okkur – til heilla fyrir alla.

Lárus endaði kynninguna í ár með því að sýna mynd af fyrsta laxinum sem fer í vinnslu í nóvember, táknrænt skref fyrir fyrirtækið sem hefur náð að halda sér innan upprunalegrar áætlunar. „Tímaáætlanir hjá Laxey hafa staðist. Við fengum fyrstu hrognin í nóvember 2023, fyrstu seiðin fóru í áframeldi í nóvember í fyrra og nú, ári síðar, er komið að fyrstu slátrun,“ sagði Lárus í erindi sínu.

Hann fór jafnframt yfir upphafsárin, samstarfið við Vestmannaeyjabæ og hvernig fyrirtækið hefur vaxið í takt við samfélagið. Þar lagði hann áherslu á mikilvægi samskipta, gagnsæis og samfélagslegrar ábyrgðar. „Við notum samfélagsmiðla markvisst til að upplýsa íbúa og viljum nýta krafta samfélagsins með okkur – til heilla fyrir alla,“ segir Óskar.

ÍÞRÓTTAMAÐUR MÁNAÐARINS HERMANN ÞÓR RAGNARSSON

Draumurinn var alltaf körfubolti

Íþróttamaður mánaðarins að þessu sinni er Hermann Þór Ragnarsson. Hermann Þór er leikmaður meistaraflokks ÍBV í fótbolta. Hann er uppalin hjá Sindra á Hornafirði en hefur spilað með ÍBV undanfarin

þrjú ár. Það má segja að á þessu tímabili hafi Hermann sprungið út og er að eiga sitt allra besta tímabil með ÍBV. Hermann hefur verið mjög áberandi í sóknarleik Eyjarmanna og er með átta mörk

á þessu tímabili, sjö mörk í deildinni og eitt í bikarnum. Hermann átti þá frábæran leik í 24. umferðinni þegar Eyjarmenn unnu stórsigur á Vestra. Hermann gerði sér lítið fyrir og skoraði þrennu í leiknum

ásamt því að leggja upp tvö önnur mörk. Hermann er með samning við ÍBV til ársins 2027 og það verður spennandi að fylgjast með þessu fljóta og áráðna sóknarmanni á næstu árum.

Nafn: Hermann Þór Ragnarsson
Aldur: 22 ára.

Hjúskaparstaða? Góð.

Hvernig er venjulegur dagur í þínu lífi? Venjulegur dagur er einfaldlega lærdómur, æfa og huga að kvöldmatnum.

Aðal áhugamál? Er að reyna koma mér inn í skákina og er duglegur að spila en bættingin hefur ekki mætt tímanum sem ég hef lagt inn en það hlýtur að skila sér á endanum og bing!.

Hver er þín helsta fyrirmynd í íþróttum? Ingibjörg Lúcia og Tómas Orri.

Hefurðu verið í öðrum íþróttum en fótbolta? Draumurinn var alltaf körfubolti þar sem ég er alvöru shooter en stærðin hindraði það því miður.

Hvert stefnir þú í fótboltanum? Ég



Hermann Þór gegn Aroni Jóhannssyni, leikmanni Aftureldingar.

Ljósmynd/Sigfús G. Guðmundsson

stefni bara á að gera mitt besta og bæta mig eins mikið og ég get og þá er ég sáttur.

Helsta afrek á ferlinum? Mitt helsta afrek er líklegast að hafa unnið 3. deildina og 1. deildina.

Hvað hefur staðið upp úr á tímabilinu? Það sem stóð mest upp úr á tímabilinu hefur verið öll skiptin sem ég hef tekið Baxter og Sverri í skotkeppnum eftir æfingar.

Hvaða þrjá einstaklinga tækir þú með á eyðieyju og af hverju? Ég tæki bara Eypór Orra, það myndi nægja mér.

Sturluð staðreynd um sjálfan þig? Ég á einn unplayable spilagaldu.

Hvaða ráð hefur þú til yngri iðkenda? Hafa gaman að þessu og gera sitt besta því það er voðalega stutt á milli í þessu.

TIL HAMINGJU LAXEY

Vestmannaeyjabær óskar Laxeý til
hamingju með árangurinn og
mikilvægan áfanga í
atvinnubýggingu Eyjanna

Framtíðin er björt - og hún er í
Eyjum



**Til hamingju
með áfangann**



**SKIPALYFTAN EHF.
VESTMANNAEYJUM**

www.skipalyftan.is // 488 3550

VSV
VESTMANNAEYJAR
ICELAND

**TIL HAMINGJU MEÐ ÁFANGANN
LAXEY**

VINNSLUSTÖÐIN HF.

Til hamingju, Laxey!



EIMSKIP